



Stuðmenn:

Heilluðu unga sem aldna

• sungið og trallað í albertshöll
SÍÐA 26



Latibær:

Siggi Sigurjóns leikstýrir íslensku talsetningunni

• væntanleg í sjónvarp í september
SÍÐA 30



Logi Ólafsson:

Liðið skorti árásgirnd

• sama leikaðferð gegn ítálu
SÍÐA 20



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. mars 2005 – 83. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

ÞRIÐJUDAGUR




ÓEÐLILEGAR RÁÐNINGAR Tólf yfir-læknar við Landspítala – háskólasjúkrahús hvetja ráðherra til að taka á stjórnun- vanda spítalans og segja óeðlilega staðið að ráðningum millistjórnenda. **Sjá síðu 2**

NÝTT ÞING VIÐURKENNT Í tilraun til að slá á spennu í landinu lýsti nýr bráða- birgðaleiðtogi Kirgisistans, Kurmanbek Bakijev, því yfir í gær að hann viðurkendi þjóðþingið. **Sjá síðu 2**

ÍSLENDINGAR SKAMMAÐIR Bandaríska stórblaðið The Washington Post birti á sunnudag leiðara þar sem Íslendingar eru skammaðir fyrir að veita Bobby Fischer ríkisborgararétt. **Sjá síðu 4**

VILL VINNA DÚN Í LETTLANDI Iðnrekandi vill flytja út íslenskan æðardún til vinnslu í Lettlandi í sumar en komið er í veg fyrir það í nýju frumvarpi landbúnaðar- ráðherra. **Sjá síðu 8**

VEDRÍÐ Í DAG



ÁFRAM SVIPAD Lítilsháttar væta sunnan og vestan til, einkum á annesjum og við fjöll. Bjartviðri á Norðaustur- og Austurlandi. Áfram milt um allt land. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG




STÓRLEIKUR Í BREIÐHOLTI ÍR tekur á móti Keflavík í undanúrslitum Inter- sport-deildarinnar í körfubolta klukkan 19.15. Ef Keflavík sigur mætir liðið Snæfelli í úrslitum. Ef ÍR sigur verður fimmti leikurinn í Keflavík á fimmtudaginn.

Kvikmyndir	26	Myndlist	26
Tónlist	26	Íþróttir	26
Leikhús	26	Sjónvarp	28

Fjöldi lesenda

á þriðjudögum*



*Landið allt skv. fjölmíðlakönnun Gallup, feb. 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÓTTASLEGNIR TÁLENDINGAR

Fólk þusti út á götur borgarinnar Hadyai í Tailandi þegar skjálftinn reið yfir. Fólk óttaðist að flóðbylgja myndi fylgja í kjölfar skjálftans.

Hundruð farast

Skelfing greip um sig í strandríkjum Indlandshafs er jarðskjálfti varð við Indónesíu. Skjálftinn mældist 8,7 á Richter. Engin flóðbylgja fylgdi.

INDÓNESÍA, AP Stór jarðskjálfti varð á botni Indlandshafs vestur af ströndum Súmötru í Indónesíu síðdegis í gær, skammt frá upptökum hamfaraskjálftans sem varð á annan í jólum. Íbúar strandhéraða landanna í kring flúðu í skelfingu inn í land er fréttir af nýja skjálft- anum bárust, af ótta við að önnur eins flóðbylgja riði yfir og þremur mánuðum fyrr.

Ótti um nýjar hamfarir fjarði hins vegar fljótt út eftir að það fréttist að engrar flóðbylgju hefði orðið vart.

Indónesísk yfirvöld tilkynntu þó síðar að yfir 290 manns væru taldir

af á eyinni Nias, sem er mjög nærri skjálftamiðjunni. Þar hrundi fjöldi húsa. Eyjan er eftirsóttur dvalar- staður brimbrettafólks.

„Það lítur út fyrir að skjálftinn hafi ekki valdið neinni flóðbylgju,“ hefur AP-fréttastofan eftir Prihar Yadi, jarðfræðingi við jarðvísindastofnun Indónesíu. Í kjölfarið afturkolluðu yfirvöld í Indónesíu, Taílandi og öðrum aðliggjandi löndum flóðbylgjuviðvörðun sem þau höfðu gefið út.

Að sögn bandarísku jarðvísindastofnunarinnar varð skjálftinn klukkan 16.09 að íslenskum tíma og mældist 8,7 á Richter-

kvarða að styrkleika. Skjálfta- miðjan var á um 30 kílómetra dýpi um 410 km suðvestur af borginni Banda Aceh á Súmötru, sem varð mjög illa úti af völdum flóðbylgjunnar 26. desember. Frá skjálfta- miðjunni eru þó innan við 200 km að strönd Súmötru og aðrar minni eyjar eru mjög nálægt henni, Nias þar á meðal.

Skjálftinn telst vera eftir- skjálfti eftir stóra skjálftann á annan í jólum, sem var 9 á Richter. Það var sterkasti jarðskjálfti sem mælst hefur á jörðinni síð- astliðin 40 ár. Flóðbylgjan sem hann kom af stað olli gríðarlegri

Íslenskur sendifulltrúi er á jarðskjálftasvæðinu:

Jörðin lék á reiðiskjálfi

INDÓNESÍA „Ég vissi ekki hvort fæturnir á mér skuldu svona eða hvort öll jörðin lék á reiðiskjálfi,“ segir Birna Halldórs- dóttir, sendifulltrúi Rauða Kross- ins í Banda Aceh í Indónesíu. Birna sat við skriftir þegar jörðin byrjaði að skjálfa en þar sem margir minni jarðskjálftar hafa átt sér stað síðan hún kom til landsins kippti hún sér ekki upp við það fyrst um sinn.

„Svo þegar öryggisverðir hrópuðu á mig og sögðu mér að koma mér út stóð mér ekki á sama,“ segir Birna. Hún segir að mikil ringulreið hafi skapast í Banda Aceh og fólk hafi flýtt sér á farartæki sín til að vera víðs fjarri ef flóðbylgja kæmi yfir borgina líkt og í desember þegar einn þriðji íbúanna týndi lífi. Klukkustund eftir jarðskjálftann fór svo fólk að snúa til síns heima.

Birna segir að þar sem hún sé hafi enginn meiðst í skjálftanum sjálfum svo best sé vitað. Einhverjir hafi þó meiðst í öngþveit- inu sem skapaðist eftir að skjálftinn varð.

– jse



Heimild: U.S. Geological Survey, ESRI **AP**

STERKUR EFTIRSKJÁLFTI Upptök skjálftans í gær voru um 150 km suðaustur af upptökunum 26. desember.

eyðileggingu í strandhéraðum landa allt í kringum Indlandshaf. Að minnsta kosti 174.000 manns biðu bana og yfir 100.000 er enn saknað.

sjá síðu 6

Eldur í fjölbýlishúsi í Árbæ:

Grunur um íkveikju

LÖGREGLUMÁL „Ég var að fara niður að þvo en kem þá að þvottinum í ljósum logum,“ sagði Vigdís Hulda Vignisdóttir, íbúi í fjöl- býlishúsi í Rofabæ þar sem eldur varð laus í sameiginlegu þvottahúsi í kjallaranum.

Að sögn slökkviliðsmanna leikur grunur á að um íkveikju sé að ræða. Hulda og aðrir íbúar segjast hafa heyrt í einhverjum fyrir utan rétt eftir að eldsins var vart. Aðrir íbúar sem Fréttablaðið náði tali af segja að oft hafi krakkar úr Árbæjarskóla verið þarna fyrir utan og jafnvel inni á gangi að reykja. Hafa íbúar oft þurft að hafa afskipti af þeim.

„Nágranni minn á fyrstu hæð kom fljótlega að með slökkvitæki

og reyndum við að slökkva þetta en allt fylltist fljótlega af reyk svo við urðum frá að hverfa án þess að ráða við neitt,“ bætti Hulda við.

Að sögn Slökkviliðs höfuð- borgarsvæðisins eru reyk- skemmdirnar í kjallaranum tölu- verðar og fer nú fram rannsókn á tildrögum brunans.

Allur stigagangurinn fylltist af reyk og töluverður fnykur var í flestum íbúðum. Slökkviliðið var fljótt á vettvang og gekk greiðlega að slökkva eldinn og reykraesta.

– jse

VIÐGÍS HULDA VIGNISDÓTTIR Vigdís var á leið í þvottahúsið þegar mikill eldur tók á móti henni.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

VIKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

-FLYTJA VÖRUR-
FRÁ EVRÓPU

Föstudagar

Esbjerg / Danmörk

591 3000



SPURNING DAGSINS

Hefur þú orðið vistvænni eftir að þú kynntist vistakstri, Grétar?

„Já, ég verð að viðurkenna það. Vistaksturinn hefur hjálpað mér í þeim efnum.“

Grétar H. Guðmundsson kennir vistakstur en þess konar akstur sparar ökumanni peninga, eykur umferðaröryggi og verndar umhverfið í leiðinni.

Átökin í Kirgisistan:

Nýr forseti viðurkennir nýtt þing

KIRGISISTAN. AP Í tilraun til að slá á spennu í landinu lýsti nýr bráðabirgðaleiðtogi Kirgisistans, Kurmanbek Bakijev, því yfir í gær að hann viðurkenni þjóðþingið. Áður hafði hann sagt þingið skorta lýðræðislegt umboð þar sem ekki væri að marka opinberar niðurstöður kosninga sem fram fóru í valdatíð fyrirrennara hans.

Hreyfing lýðræðissinna sem hrakti fyrirrennarann, Askar Akajev, úr forsetastólnum í síðustu viku tók þessari ákvörðun Bakijevs illa og róstur héldu áfram í höfuðborginni Bishkek. Nýja þingið viðurkenni fyrir



sitt leyti Bakijev sem nýjan ríkisstjórnarleiðtoga.

Bakijev var kjörinn forseti til bráðabirgða af fráfarandi þingi, sem með því reyndi að hindra að völdin færðust í hendur nýkjörna þinginu, sem mótmælendur vilja ekki viðurkenna vegna meintra kosningasvika. Auk þess að viðurkenna nýja þingið fór Bakijev fram á það í gær að Akajev segði formlega af sér, en fregnir herma að hann sé flúinn til Rússlands. ■

REIÐI Í BISHKEK Mótmælandi kallar vígorð á baráttufundi fyrir utan þinghúsið í höfuðborg Kirgisistans í gær.

Akranes: Mjög ölvaður undir stýri

LÖGREGLUMÁL Maður var tekinn mjög ölvaður undir stýri aðfaranótt sunnudags á Akranesi. Að sögn lögreglu sást á aksturslagi hans að ekki var allt með felldu og var hann stöðvaður og látinn blása. Hann mældist með 3,25 á sfengismælinum en 0,50 er nóg til sviptingar.

Enn er beðið eftir niðurstöðum úr blóðprufu sem segir svo til um refsingu. Að sögn lögreglu getur refsing við svona brotum verið sekt upp á nokkur hundruð þúsund krónur og ökuleyfisvipting til margra ára.

- jse



EFTIR SPRENGINGU

Hermenn á vegum Nató standa vörð meðan heimamenn kanna ummerki eftir sprenginguna í gær.

Bandaríkjamenn í Afganistan:

Ekki á förum

BANDARÍKIN. AP Bandaríska herliðið í Afganistan er að fá endurnýjun á búnaði sínum fyrir 83 milljónir bandarískra dala. Þetta þykir greinilegt merki um að Bandaríkjamenn séu ekki á förum frá þessum heimshluta næstu árin.

Um það bil 25 þúsund erlendir hermenn eru staddir í landinu og hefur þeim hvergi nærri tekist það ætlunarverk sitt að koma á stöðugleika, eins og sjá má af því að fjórir menn særðust þegar sprengja sprakk við vegarbrún og olli skemmdum á tveimur bifreiðum. Önnur þeirra var á vegum kanadíska sendiráðsins. ■

Snæfellsnes:

Þyrla sótti flogasjúkling

SLYS Þyrla Landhelgisgæslunnar kom með slasaðan mann frá Rífi síðdegis í gær á Reykjavíkflugvöll. Þaðan flutti sjúkrabíll manni svo áfram á Landspítala – háskólasjúkrahús.

Að sögn lögreglu á Ólafsvík fékk maðurinn flogakast við sölskálann á Rífi og datt þá og hlaut áverka á höfði. Læknir á Ólafsvík sprautaði manninn við flogakastinu en kastíð hélt áfram. Því þótti ráðlegast að senda hann til rannsóknar á sjúkrahúsi í Reykjavík.

- jse

Óeðlilega staðið að ráðningum

Tólf yfirlæknar við Landspítala – háskólasjúkrahús hvetja ráðherra til að taka á stjórnunarvanda spítalans og segja óeðlilega staðið að ráðningum millistjórnenda. Forstjóri spítalans vísar gagnrýninni á bug.

HEILBRIGÐISMÁL „Umkvörtunarefni okkar lúta að því að yfirbygging Landspítalans hefur þynnst mjög undanfarin ár, sérstaklega á stigi millistjórnenda, sem eru handvaldir af yfirstjórn spítalans án hæfnismats og auglýsinga,“ segir Jóhannes Björnsson, einn tólf lækna Landspítala – háskólasjúkrahúss sem skrifa undir bréf til heilbrigðisráðherra og hvetja hann til að taka á stjórnkerfisvanda sjúkrahússins.

Jóhannes segir stjórnkerfi spítalans hafa þynnst mjög síðan hann hóf þar störf fyrir 20 árum og hann viti ekki til þess að það tókist annars staðar að stjórnendur séu valdir án hæfnismats eða auglýsinga. „Ég held að þessi vandi hafi ekki verið heilbrigðisráðuneytinu ljós og það sé hugsanlegt að það hafi ekki verið fylgst nægilega vel með

yfirstjórn sjúkrahússins.“

Jóhannes M. Gunnarsson, starfandi forstjóri Landspítalans, þvertur fyrir að nokkuð athugasemdir sé við ráðninga stjórnenda spítalans.

„Ráðherra hefur staðfest að skipurit sé löglegt og það er líka skoðun okkar lögfræðinga að þar sé ekkert sem stangist á við lög.“ Jóhannes segir að millistjórnendur séu ráðnir á grundvelli 19. greinar laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. „Þessi störf fela í sér tímabundna aukna ábyrgð. Hæfnismatið er bundið samningi við Háskóla Íslands sem felur í sér að menn séu gjaldgengir til að kenna í háskólanum og því ekki rétt að hæfnismat fari ekki fram.“

Jóhannes segir að hér stangist á álit tveggja lögfræðinga-hópa og málið verði líklegt að leysa í dómsal. Þá segir hann

Landspítalann vel rekna stofnun. „Það má vísa í afkastatölur og rekstrarlegan árangur því til stuðnings.“

„Hvorki ég né Jóhannes Gunnarsson erum lögfræðingar,“ segir Jóhannes Björnsson, „en það eru nýmæli í heilbrigðiskerfinu að stjórnendur séu ráðnir á þennan hátt. Það er auðvitað mat hvers og eins hvort spítalinn sé vel rekinn, en miðað við 20 ára starfsreynslu mína á ég bág með að taka undir skoðun Jóhannesar.“

Ekki náðist í heilbrigðisráðherra vegna málsins.

bergsteinn@frettabladid.is



LÆKNAR Í AÐGERÐ Töluverð ólga er nú meðal starfsmanna Landspítalans vegna meints stjórnunarvanda og óeðlilegra ráðninga.

Óhugnanlegur líkfundur í Kaupmannahöfn:

Lögregla leitar vísbendinga

KAUPMANNAHÖFN. AP Danska lögreglan birti í gær ljósmynd af látnum manni sem fannst í miðborg Kaupmannahafnar um helgina. Myndin birtist í dönskum fjölmiðlum og var fólk beðið að láta fólk vita ef það kannaðist við manninn.

Lögreglan hefur enga hugmynd um hver hinn látni er. Af útlitinu að dæma gæti hann verið danskur, en lögreglan útilokar ekki að hann geti verið frá einhverju öðru Evrópulandi.

Lík mannsins fannst í nokkrum hlutum. Báðir fótleggirnir og annar handleggurinn fundust á laugardaginn stillt upp við gám í götunni Klerkegade.

Maður sem var að viðra hundinn sinn gekk síðan í gærmorgun fram á bók líksins í þremur hlutum í húsasundi við Adelgade, skammt frá fyrsta fundinum.

Danska lögreglan segir mann-

inn hafa verið á fertugsaldri. Hann hafi verið 190 til 195 sentimetra há, með blágræn augu og nagaðar neglur. Hann var í svörtum nærbuxum einum fata. ■



FRÁ KAUPMANNAHÖFN

Lík af óþekktum manni fannst í miðborg Kaupmannahafnar skammt fyrir norðan Kóngsins Nýjartorg, ekki langt frá Jónshúsi.



TERRI SCHIAVO

Foreldrar hennar og eiginmaður hafa í áratug átt í harðvítugum deilum um hvort rétt sé að halda henni á lífi.

Terri Schiavo:

Skammt í andlátíð

FLÓRÍDA. AP Kapólskur prestur veitti hinni dauðvona Terri Schiavo síðustu smurningu og altarsakramenti í gær á sjúkrahúsi í Pinellas Park í Flórída. Í dag eru ellefu dagar síðan næringargjöf í æð var hætt í kjölfar dómsúrskurðar. Schiavo hefur verið heiladaud í fimmtán ár.

Hvorki foreldrar hennar né eiginmaður gáfu upplýsingar um ástand hennar, en annar tveggja presta sem komu til hennar sagði andlátíð skammt undan. ■

Færeyjar-Danmörk:

Samkomulag undirritað

FÆREYJAR Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur, og Jóannes Eidesgaard, lögmaður Færeyja, undirrita í dag samkomulag sem kveður á um aukna aðkomu færeysku landstjórnarinnar að utanríkis- og varnarmálum eyjanna. Frá þessu er greint á fréttavef færeyska útvarpsins.

Með samkomulaginu öðlast Færeyingar rétt til þátttöku í öllum viðræðum um alþjóðlegar samningskuldbindingar sem einnig varða Færeyjar. Með þessu fá Færeyingar gamla ósk uppfyllta. Fram til þessa hafa utanríkis- og öryggismál Færeyja heyrt alfarið undir dönsku ríkisstjórnina. ■

Rannsóknarskýrsla SP:

Annan gagnrýndur

SAMEINUÐU ÞJÓBIRNAR. AP Í nýrri rannsóknarskýrslu sem birt verður í dag er Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, gagnrýndur fyrir að taka ekki sem skyldi á máli sonar síns í tengslum við olúsöluáætlun samtakanna í Írak.

Sonurinn, Kojo Annan, þáði laun frá svissnesku fyrirtæki sem SP úthlutaði verkefnum í tengslum við áætlunina. Frá þessu greindi ónafngreindur embættismaður SP í gær. Kofi Annan kvað einnig sæta gagnrýni fyrir að hafa ekki fyrr gripið til ráðstafana vegna vankanta á stjórnun olúsöluáætlunarinnar sem hefðu viðgengist allt til ársins 2003. ■

Apollo hefur numið land!
- ein stærsta leiguflugs-ferðaskrifstofa á Norðurlöndum.

Nýjar víddir í sólarferðum
í samstarfi við Langferðir og Iceland Express.

- Flug á sólarströnd með viðkomu í Kaupmannahöfn.
- Kynntu þér einstakt vortilboð **Netklúbbs Iceland Express** og á heimasíðu okkar, www.kuoni.is.
- Sætaframboð takmarkað.

Verð frá **55.995 kr.**
á mann með öllum sköttum

Innifalið: Flug milli Íslands og Kaupmannahafnar með Iceland Express, hóteli í Kaupmannahöfn, vikupakki með Apollo með gistingu í tvíþýli, ferðir til og frá flugvelli á áfangastað, þjónusta danskra fararstjóra og allir flugvallarskattar.

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.langferdir.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

LANGferðir

apollo

„Þín mynd verður
ekkert skárri eftir 15 ár“

Pétur Jóhann Sigfússon

500 kr. SMS inneign
ef þú fyllir rafrænt á Frelsi

500 kr. SMS inneign* fylgir öllum
2.000 kr. rafrænum áfyllingum.
Tilboðið gildir til 1. maí 2005.

*Gjafainneign gildir innan kerfis Símanum í 4 vikur.

ENNEMM / SIA / NM15708



Góður myndasími með
miklum möguleikum

Léttkaupsútborgun:
1.980 kr.
og 1.250 kr. á mán.
í 12 mán.

Sony Ericsson K500
Verð aðeins:
16.980 kr.

*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.

- Tri-Band 900/1800/1900 GSM
- Þyngd: 80 g
- Music Dj
- Íslensk valmynd
- Taltími: Allt að 7 klst.
- Litaskjár
- Myndavél
- Tekur upp hreyfimyndir
- 12 MB innbyggt minni
- MP3 spilari
- POP3 og IMAP tölvupóstur



Glæsilegur sími
með myndavél


Léttkaupsútborgun:
1.980 kr.
og 1.750 kr. á mán.
í 12 mán.

Sony Ericsson K700
Verð aðeins:
22.980

*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.

- VGA myndavél
- 41 MB innbyggt minni
- Tekur og spilar hreyfimyndir
- Ljós f. myndatöku
- Íslensk valmynd
- POP3 og IMAP tölvupóstforrit
- Pólytónar og MP3 tónar
- MP3 spilari og útlarp
- Music Dj

ADSL tilboð



Verð á búnaði:
2.490 kr.
ÞRÁÐLAUST INTERNET**
Stofngjald m.v.
12 mánaða áskrift

Kaupauki

- Þráðlaus USB tenging fyrir borðtölvu
- Spilun á Jewel Quest á netinu í einn mánuð



Innifalið í Internetáskrift hjá Símanum er m.a.:

- 5 netföng - 50 MB
- 50 MB heimasíðupláss
- Öflugar vírus- og ruslpóstvarnir
- Tilboð á tölvuleikjum á siminn.is/leikir og hugi.is/leikir
- Verðþak

**Mánaðargjald frá 4.820 kr.

Með símunum*
fylgir 3.000 kr.
inneign hjá



Flottur sími með
miklum möguleikum

Léttkaupsútborgun:
2.980 kr.
og 1.000 kr. á mán.
í 12 mán.

Motorola V300
Verð aðeins:
14.980 kr.

*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.



Nú getur síminn þinn
öskrað eins og ljón

Náðu þér í furðulega rauntóna á siminn.is

- 5 MB innbyggt minni
- MP3 spilari
- Handfrjáls hátalari
- Pólytónar og MP3 tónar
- Samkeyranlegur við Outlook

GENGIÐ				
GENGI GJALDMÍÐLA 23.03.2005				
		KAUP	SALA	
	Bandaríkjadalur USD	59,37	59,65	
	Sterlingspund GBP	112,70	113,24	
	Evra EUR	78,20	78,64	
	Dönsk króna DKK	10,50	10,56	
	Norsk króna NOK	9,57	9,63	
	Sænsk króna SEK	8,56	8,61	
	Japanskt jen JPY	0,57	0,57	
SDR		XDR	90,50	91,04

Gengisvísitala krónunnar
107,24 +0,77%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Skora á stjórnvöld að ógilda ákvörðunina: Ekki hægt að svipta Fischer ríkisborgararétti

FISCHER-MÁLID Ekki er hægt að ógilda ríkisborgararétt Bobby Fischer á þeim forsendum að hann hafi gerst sekur um niðrandi ummæli í garð gyðinga á blaðamannafundinum á Hótel Loftleiðum á föstudaginn var. Þetta segir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður. Wiesenthal-stofnunin í Jerúsalem sendi frá sér yfirlýsingu í fyrradag þar sem hún skorar á íslensk stjórnvöld að ógilda ríkisborgararétt Bobby Fischer. Efraim Zuroff, forstjóri stofnunarinnar, vísar þar til framgöngu Fischers á blaðamannafundinum.

Að sögn Ragnars er ákvæði í almennum hegningarlögum sem kveður á um að niðrandi ummæli í garð trúarhópa og kynþátta séu refsiverð. Ekki er langt síðan ungir menn úr hópi þjóðernissinna viðhöfðu slík ummæli í garð litaðra og hlutu dóm á grundvelli þessara laga.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á laugardag átti Fischer í harðri orðahríð við blaðamann sem er gyðingur. Hann sagði föður blaðamannsins gyðingandöru og viðhafði önnur ljót orð um gyðinga.

Að sögn Sæmundar Pálssonar er



BOBBY FISCHER Á BLAÐAMANNAFUNDI

Fischer þarf ekki að hafa áhyggjur af því að missa ríkisborgararéttinn vegna ummæla sinna á blaðamannafundinum á föstudaginn var. Menn hafa þó fengið dóm fyrir álíka ummæli hér á landi.

verið að hjálpa Fischer að vinna úr heift sinni svo hann láti af slíkri hegðan. - jse

LÖGREGLUFRÉTTIR

LÍKAMSÁRÁS Á ROKKHÁTÍÐ Lögreglunni á Ísafirði barst ein tilkynning um líkamsárás um helgina þegar rokkhátíð var haldin í bænum. Talið er að um þúsund manns hafi verið á tónleikum á laugardag. Lögreglan hafði afskipti af tveimur mönnum sem lögðu akandi af stað einum of snemma eftir drykkju.

MARGIR OF HRATT Lögreglan á Blönduósi stöðvaði rúmlega áttatíu öikumenn sem öku af geyst um páskahelgina. Þetta er með mesta móti og hvetur lögreglan öikumenn til að aka varlegar. Einn öikumannanna var á 140 kílómetra hraða þegar hann var stöðvaður.

Guðrún Ögmundsdóttir:

Stormur í vatnsglasi

„Mér finnst þetta vera stormur í vatnsglasi og við verðum bara að bíða eftir að þetta gangi yfir,“ segir Guðrún Ögmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, um gagnrýni erlendra fjölmiðla á íslensk stjórnvöld.

Guðrún segir að ákvörðun íslenskra stjórnvalda hafi verið af manúðarástæðum, þar sem ekkert benti til annars en að Fischer myndi dúsa áfram í einangrun í Japan ef ekkert hefði verið að gert. Skoðanir Fischers skipti í sjálfu sér ekki máli í því samhengi. „Sjálfur er hann gyðingur og fyrir mér gildir það einu hvaða skoðanir hann hefur á eigin kynþætti.“ - bs

Hjálmar Árnason:

Láti af þessum dólghætti

„Ég skil vel viðkvæmni þeirra sem gagnrýna, því það er alltaf alvarlegt þegar talað er með þessum hætti um kynþætti og trúarbrögð,“ segir Hjálmar Árnason, þingmaður Framsóknarflokksins, en hann greiddi tillögunni sitt atkvæði. „Við Íslendingar erum, langflestir vona ég, ekkert hrifnir af þessum skoðunum hans. En við vonum bara að þegar Fischer verði búinn að mótast af íslensku umburðarlyndi og mannsiðum jafni hann sig alveg og láti af þessum dólghætti.“ - jse

Washington Post skammur Íslendinga

Þær móttökur sem Íslendingar hafa veitt Bobby Fischer hafa verið erlendum fjölmiðlum umfjöllunarefni síðustu daga.

FISCHER-MÁLID Koma Bobby Fischer til Íslands hefur orðið ýmsum erlendum fjölmiðlum umfjöllunarefni nú yfir páskahelgina. Bandaríska stórblaðið The Washington Post birti á sunnudag leiðara þar sem Íslendingar eru skammaðir fyrir að ganga svo langt í greiðssemi sinni við þennan fræga – og alræmda – mann sem raun ber vitni með veitingu ríkisborgararéttarins.

„Þetta er sorglegur dagur fyrir Ísland, sem leggur nafn sitt með virkum hætti við mann sem fyrir löngu hefur yfirgefið allt velsæmi,“ skrifar leiðarahöfundur Washington Post. Í leiðaranum er því lýst að Fischer sé hetja á Íslandi vegna ástar landsmanna á skáklitinni og þeirrar staðreyndar að hápunkt ferils síns upplifði Fischer í Reykjavík, er hann sigraði Boris Spasskí í heimsmeistarainvígínu árið 1972. „Íslendingar mega velja að muna þann hápunkt þaðan sem Fischer féll. En þing lýðræðisþjóðar ætti ekki að leiða hjá sér það hyldýpi sem Fischer hefur



MYND/AP

FISCHER Í HAM

Þessa mynd sendi myndþjónusta AP-fréttastofunnar út um heiminn af Bobby Fischer í ham á blaðamannafundinum á Hótel Loftleiðum á föstudaginn.

fallið í síðan dýrdardögum hans lauk.“ Vísar leiðarahöfundurinn þar einkum til hatursfullra ummæla Fischers um gyðinga. Að sögn blaðsins verðskuldaði Fischer sennilega frekar að fólk kenndi í brjósti um hann en hataðist, „en hann ætti sannarlega ekki

að njóta heiðurs af hálfu löggjafarþings – ekki nema hinir nýju landar hans vilji að þjóðin skammist sín í hvert sinn sem þessi skákmaður opnar munninn.“

Breska blaðið The Guardian er annað þekkt stórblað sem fjallar um Fischer-málið í gær. Blaðamaður blaðsins lýsir eltingarleik sínum við Fischer og blaðamannafundinum á föstudaginn langa. Í greininni gerir höfundur góðlátlegt grín að íslenskum kollegum sínum. „Ég spyr um skák; rússneskir sjónvarpsfréttamenn spyrja um Kasparov; Íslendingarnir spyrja Fischer hvort honum líki síld.“ Hann lætur þess einnig getið að eitt íslensku blaðanna – og á þar við Fréttablaðið – hafi þegar kveðið upp úr um að Fischer sé næstfrægasti Íslendingurinn, á eftir Björk. „En ég þori að veðja að Björk kann ekki Caro-Kannvörnina,“ skrifar blaðamaður Guardian og staðfestir þar með hve einlægur aðdáandi skáklistar Bobby Fischer hann er. - aa

Steingrímur J. Sigfússon:

Er sjúkur maður

„Það er þó einum fanganum færra núna sem haldið er án dóms og laga fyrir tilstuðlan Bandaríkjamanna,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna,



en hann greiddi tillögunni sitt atkvæði. „Þetta er í mínum huga mannúðarmál fyrst og fremst og menn ættu að taka því með fyrirvara

þegar sjúkur maður eins og Fischer er tjáir sig um þessa hluti. Þá vakna spurningar um siðferðilega ábyrgð fjölmiðla sem velja að birta slík ummæli, sem auðvitað eru óafsakanleg ef þau eru tekin alvarlega. En hvað vill Washington Post gera, loka hann inni?“ - jse

Sigurjón Þórðarson:

Fischer var undir pressu

„Ég held að Kanarnir og Ísraelsmenn ættu að líta sér nær,“ segir Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, um gagnrýni erlendra dagblaða og Wiesenthal-stofnunarinnar á íslensk stjórnvöld. „Þessir aðilar ættu að muna ódæðisverkin í Guantanamo og Palestínu.“

Sigurjón telur að verið sé að búa til úlfalda úr mýflugu. „Það verður að taka tillit til þess að maðurinn er búinn að vera í einangrun mánuðum saman og þar undir pressu á blaðamannafundi. Honum hefur kannski hlaupið of mikið kapp í kinn en ég fæ ekki séð að hann sé að breiða út kynþáttahatur.“ - bs

Bjarni Benediktsson:

Kemur ekki á óvart

„Það kemur mér ekkert á óvart að einhverjir séu óánægðir vegna ákvörðunar íslenskra stjórnvalda um að veita Fischer íslenskan ríkisborgararétt,“ segir Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Bjarni greiddi tillögunni sitt atkvæði og sagðist ekki hafa tekin með hliðsjón af skoðunum hans, sem hann ber sjálfur ábyrgð á, og það er mín tilfinning að flestir sýni þessu mikinn skilning.“ - jse

PC Tölvur • Viðgerðir • Íhlutir

www.technet.is

Frýs tölvan þin í tíma og ótíma?
Hefur netið hægt á sér?
Koma pop-up auglýsingar?
Kemur blár villuskjár?
Er mikill hávaði í tölvunni?

Komdu með tölvuna til okkar!
Við finnum út hvað er að!
Fíjót og góð þjónusta!

Fjarlægjum vírusa
Fjarlægjum spyware og adware
Skiptum um bílaða íhluti
Setjum upp stýrikerfi
Setjum upp internettengingar
Þöggum niður í háværum borötölvum

Microsoft Certified, CompTIA, NetScout, 48 Gbps

TECHNET PC TÖLVUR • VIÐGERÐIR

Technet ehf • Síðumúla 34
Sími 5682650 • Info@technet.is

Veðrið

SÍÐUSTU MILDU DAGARNIR!!
Það eru afskaplega svipaðar horfur í dag og verið hafa. Suðlæg- ar áttir og milt og dálítil væta sunnanlands og vestan en bjart á Norðaustur- og Austurlandi.

NÆSTA HELGI
Þá sér fyrir endann á hlýindunum. Á laugardag eru horfur á norðaustlægu áttum með frosti víða um land, síst sunnan til. Éi einkum norðan til á landinu en bjart með köflum syðra. Á sunnudag er að sjá hægga breytilega átt. Úrkomulífið og frostlaust vestan til.

Í dag um hádegis

Á morgun

Fimmtudagur

Allhvasst eða hvasst undan norðvestanverðu landinu, annars víða nokkur vindur

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	5°C skýjað	Paris	16°C léttskýjað	Torrevieja	22°C léttskýjað
Oslo	7°C skýjað	Prag	12°C léttskýjað	Róm	18°C léttskýjað
Stokkhólmur	3°C léttskýjað	Amsterdam	12°C léttskýjað	New York	13°C rigning
London	12°C skýjað skúr	Varsjá	7°C alskýjað	Miami	28°C heiðskirt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Mér var hleypt út 28. janúar.

„Eftir að hafa setið inni í 3 ár með takmarkað niðurhal og allt of lítinn hraða tók Hive á móti mér með öllu því frelsi sem háhraðatenging og ótakmarkað niðurhal hefur upp á að bjóða.

Ég ætla aldrei aftur að láta taka mig svona í ...“

Matthías Emanúel Pétursson
Lambhóli við Ægissíðu, 107 Reykjavík



Fritt
niðurhal
H8

H8 er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér ótakmarkað niðurhal, háhraða 8Mb ADSL tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík og Hlíðasmári 12, 201 Kópavogur.
Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive





KJÖRKASSINN

Fylgdist þú með leik Íslands og Króatíu í fótbolta?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	26%
Nei	74%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Þarf að skipta um landsliðsþjálfara í fótbolta?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Gatnaframkvæmdir Lokanir í miðborginni

MIÐBORGIN Tvær lokanir verða vegna framkvæmda í miðbæ Reykjavíkur þriðjudaginn 29. mars, samkvæmt upplýsingum frá Gatnamálastofu. Laugavegi verður lokað við Höfðatún og Rauðarárstíg. Hverfisgötu verður lokað við Snorrabraut og Rauðarárstíg. Sú lokun stendur í um tvær vikur.

Þá lokast Njarðargata vegna framkvæmda við Hringbraut. Verið er að vinna við göngubrýr yfir nýju Hringbrautina hjá Narðargötu auk þess sem vinna við gatnagerð stendur yfir. Búist er við að Njarðargata verði lokað í þjár vikur.

- sgi



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MÓTMÆLENDUR HANDTEKNIR
Konungurinn í Nepal tók öll völd í eigin hendur í byrjun febrúar.

Mótmæli í Nepal: Einræði mótmælt

NEPAL, AP Um það bil 120 mótmælendur voru handteknir í Nepal í gær. Mótmæli gegn konungi landsins höfðu brotist út í tíu borgum þrátt fyrir allsherjarbann við mótmælum.

„Niður með einræði. Við viljum lýðræði,“ hrópuðu mótmælendur, sem eru reiðir vegna þess að Gyanendra konungur tók öll völd í eigin hendur í byrjun febrúar.

Hluti mótmælanna fór fram fyrir utan stjórnarbyggingu í Katmandu, höfuðborg landsins. Mótmælendur réttu fólki dreifibréf þar sem hvatt var til frekari mótmæla. ■

Skíðaiðkun landans um páskana: Fjöldmörg skíðasvæði voru lokað

PÁSKAR Hlýindi settu strik í reikninginn hjá skíðafólki um páskana. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum, í Skálafelli og á Hengils svæðinu voru lokað um helgina.

Á Ísafirði var ein af þrem skíðalyftum svæðisins opin og þurfti skíðafólk að láta ferja sig upp á Botnsheiði til að renna sér niður að Miðfellslyftu, sem er fremsta lyftan. Skíðagöngulyftan í Seljalandsdal var opin en þar er nægur snjór og góð aðstaða fyrir

skíðagöngu. Skíðasvæði Tindastóls á Saudárkróki var opið alla páska-helgina og boðið upp á fjölbreytta dagskrá eins og brettabrú og snjófígúrukeppni.

Skíðasvæðið á Dalvík var opið um helgina en samkvæmt starfsmönnum svæðisins hafa oft fleiri sést skíða þar um páskana. Sama var uppi á teningnum í Stafdal á Seyðisfirði. Þar hafa oft sést fleiri, en stóra lyftan var opin þar alla páskana nema föstudaginn langa. Einnig var skíðasvæðið á



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SKÍÐASVÆÐI

Á flestum skíðasvæðum landsins óskar fólk eftir meiri snjó á næstu dögum og á flestum stöðum voru fáir á skíðum.

Siglufirði opið alla páskana. Opið var í Hlíðarfjalli á Akureyri alla dagana nema í gær en þar verður væntanlega ekki opið næstu daga sökum snjóleysis.

- lkg

Eftirspenna eftir þann stóra

Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur segir skjálftann í Indlandshafi í gær vera eftirskjálfta eftir þann stóra fyrir þremur mánuðum.

JARÐSKJÁLFTI Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur segir jarðskjálftann sem varð nærri ströndum Súmöturu í gær vera stiginu minni en þann stóra sem reið yfir á sömu slóðum á annan í jólum. Hann segir brotaplanið í stóra jólaskjálftanum hafa verið nálægt 1.000 kílómetra langt, en lengdin á brotalinu þessa nýja skjálfta sé ekki nema brot af því, sennilega á bilinu 100-200 km. Lóðréttu færslan hafi einnig verið mun minni. Í stóra skjálftanum fyrir þremur mánuðum hafi lóðréttu færslan á hafsbotninum verið um 10 metrar á einu bretti, en í skjálftanum í gær hafi hún sennilegast verið á bilinu 2-5 metrar. Flóðbylgjan af þessum skjálfta hafi orðið eftir því minni.

Aðspurður segir Ragnar allt benda til að kalla megi skjálfta gærdagsins eftirskjálfta eftir þann stóra. „Það má segja að þetta séu eftirhreyfingar á sömu skjálftasprungunni,“ segir hann. „Frá því stóri skjálftinn varð í desember hafa verið þarna



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

MINNI JARÐHRÆRINGAR

Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur segir jarðhræringar sem urðu í skjálftanum í gær mun minni en í hamfarskjálftanum fyrir þremur mánuðum.



RINGULREIÐ Í BANDA ACEH

Íbúar í Banda Aceh flýðu af ótta við að önnur flóðbylgja, svipuð þeirri sem skall á Súmöturu 26. desember síðastliðinn, gengi yfir borgina.

skjálftar á línunni, frekar norðan til á henni, um 1.000 kílómetrum norðan við skjálftamiðjuna. Það hafa ekki verið svo miklir eftirskjálftar þarna sunnan til fyrr en núna,“ segir Ragnar. Eftirspennan í suðurhluta brotalinunnar hafi leystst úr læðingi með skjálftanum í gær.

Miklar líkur eru á því að sögn Ragnars að mesta spennan sé farin af þessu brotasvæði nú. Hugsanlegt sé þó að í kjölfarið aukist spennan í nýjum brotalinum norður og suður af því. „Við þekkjum ekki sögu jarðhræringa á þessu svæði það vel, hvað er langt síðan skjálftar voru þar.

Svona skjálftar eru mörg hundruð ár að byggjast upp,“ segir Ragnar. Þó sé vitað að bæði fyrir norðan og sunnan hefur byggst upp spennan í brotalinunum, en óljóst hvort sú spennan sé að nálgast það að leysast úr læðingi.

audunn@frettabladid.is

Ný Fiat Panda



11.671 kr.*

– á mánuði. Verð frá 1.150.000 kr.

*M.v. 30% útborgun og 84 mán. lánstíma.

Fiat umboðið · Malarhöfða 2a

110 Reykjavík · Sími 570 9900 · www.fiat.is



Ófært er um fjallavegi landsins:

Vegirnir eru ein drulla

FÆRD „Það er allt ófært eins og er á fjallavegum. Þeir sem eru á mikið breyttum fjallabílum komast um á hálendinu á Suðurlandi, til dæmis Fjallabaksleið og inn í Þórsmörk, en annars eru vegirnir ein drulla. Allur akstur er bannaður á Uxahryggjum og Kaldadal og á Norður- og Austurlandi,“ segir Kolbrún Benediktsdóttir, þjónustufulltrúi hjá Vegagerðinni.

Vegna mikilla hlýinda eru margir hálendisvegir ekki í sínu vanalega ástandi vegna aurbleytu og krapa. Í gær lá að sögn Kolbrúnar engin spá fyrir um ástand veganna á næstu dögum en það verður metið í dag.

Þrátt fyrir lélega færð var rólegt hjá Vegagerðinni um páskana. „Það er ekki mikið

hringt inn og voða rólegt hjá okkur núna. Fólk heldur sig að mestu leyti á þjóðvegnum en þeir sem fara upp á hálendið vita hvað þeir eru að gera og hafa kynnt sér aðstæður. Miðvikudaginn fyrir páska settum við inn frétt á vefsíðu okkar, vegagerdin.is, um ástand fjallvega um páskahelgina og þar gat fólk leitað sér upplýsinga,“ segir Kolbrún.

- lkg

Á SIGÖLDULEIÐ

Þar er fært fyrir mikið breytta fjallabíla en flestir fjallvegir á landinu eru lokaðir. Eins og sést á myndinni, sem er tekin á laugardag, er snjór og krapi á veginum. Meira að segja breyttir bílar eiga erfitt með að komast leiðar sinnar.



MYND/THORSTEIN HEIN



Boð um þátttöku í hlutafjáraukningu Landsbanka Íslands hf. Skráningu lýkur í dag.

Bankaráð Landsbanka Íslands hf. ákvað á fundi sínum 11. mars sl. að hækka hlutfé bankans um 800.000.000 króna að nafnverði. Tilgangur hlutafjáraukningarinnar er að styrkja eiginfjárstöðu bankans í ljósi mikils vaxtar á síðasta ári og að styðja við áframhaldandi vöxt á þessu ári.

Nýir hlutir verða boðnir núverandi hluthöfum bankans til kaups í samræmi við hlutafjáraukningu þeirra í lok dags föstudaginn 11. mars 2005, með þeirri undantekningu að þeim sem áttu þá 100.000 krónur eða minna að nafnverði verður boðið að skrá sig fyrir 10.000 krónum að nafnverði.

Nýtt hlutfé verður selt á genginu 14,25 krónur á hlut, sem er afsláttur að fjárhæð 0,6 krónur fyrir hverja krónu nafnverðs miðað við markaðsgengi í lok dags 11. mars 2005.

Lágmarkshlutur sem hægt er að skrá sig fyrir í útboðinu er 10.000 krónur að nafnverði eða 142.500 krónur að kaupverði.

Skráning hlutafjár stendur til kl. 16:00 í dag.

Einungis verður tekið við rafrænum áskriftum á vef Landsbankans – www.landsbanki.is. Við skráninguna þurfa hluthafar að slá inn kennitölu ásamt lykilorði sem sent var hluthöfum bréflega.

Þeir hluthafar sem ekki hafa aðgang að nettengdri tölvu geta haft samband við þjónustuver Landsbankans í síma 410-4000 eða útibú Landsbankans og munu starfsmenn bankans hafa milligöngu um skráningu gegn því að hluthafar gefi upp kennitölu og lykilorð.





Yfirhafnir á hálfvirði
Vattúlpur, dúnúlpur, ullarkápur, húfur og hattar

S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18 • lau. 10 – 16

TOPPHÚSÍÐ

Guðjón Arnar Gestsson sýknaður í héraðsdómi þrátt fyrir játningu



Misnotaði smástúlku en sleppur vegna tæknigalla

DV – hefur þú séð DV í dag?

HÖNNUNARSAMKEPPNI HENSON

Í SAMVINNU VIÐ

Tæknival ÞJÓNUSTA Í ÖDRU VELDI

Iceland Express



Auglýsa!

Verðlaunaafhending og sýning verður í Ráðhúsinu/ Tjarnarsal miðvikudaginn 30.mars.

Dagskrá:

17.30 hljómsveitin 6 í jazz

18.00 danshópur Yesmine Olsson

18.20 sýning og verðlaunaafhending.

Pökkum frábærar undirtektir og þátttöku. Bjóðum alla velkomna meðan húsrúm leyfir.

Aðgangur ókeypis

Landbúnaðarráðherra:

Gott fólk sem vinnur æðardúninn

ÆÐARDÚNN Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segir að sérþjálfaðir eftirlitsmenn sinni gæðaeftirliti fyrir æðarbændur. Auðlindin sé takmörkuð og magnið lítið og því hafi hann lagt fram frumvarp. Það sé fyrst og fremst til að tryggja að gæðaeftirlitið sé í höndum Íslendinga. „Það er gott fólk sem vinnur æðardúninn fyrir æðarbændur og vill vinna æðardúninn fyrir þá,“ segir hann.

Jón Sveinsson iðnrekandi gagnrýnir gæðaeftirlit æðar-

bænda og telur að það sé engan veginn nógu gott. Hið opinbera dúnmat sé skipað „óflaglærðum, ómenntuðum, einföldum dúnbændum. Enginn skóli er til í dúnvinnslu, allir sjálfærðir, flestir matsmenn hafa til dæmis aldrei hreinsað dún sjálfir,“ segir hann.

Guðni segir að æðardúninn „sé mjög sérstök íslensk afurð og þurfi að búa við mikla sérstöðu“ en nefnir ekki annað en lítið magn og takmarkaða auðlind sem frekari rök. „Þegar kaupendurnir



GUÐNI ÁGÚSTSSON LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA
Guðni Ágústsson telur að æðardúninn sé takmörkuð auðlind og því skipti máli að tryggja að gæðaeftirlitið sé í höndum Íslendinga. Iðnrekandi hefur áhuga á að flytja dúnhreinsunina úr landi.

gera kröfu um að þetta gæðaeftirlit sé okkar þá vill maður það. Það eru Þjóðverjar og Japánar sem sækja það fastast.“ - ghs

Hagsmunarárekstrar vegna æðardúns

Jón Sveinsson iðnrekandi vill flytja út íslenskan æðardún til vinnslu í Lettlandi í sumar en komið er í veg fyrir það í nýju frumvarpi landbúnaðarráðherra. Jón telur hagsmuni þeirra sem sátu í nefnd við gerð frumvarpsins hafa ráðið ríkjum.

ÆÐARDÚNN Jón Sveinsson iðnrekandi vill flytja út íslenskan æðardún til vinnslu í Lettlandi í sumar. Jón hefur flutt inn erlent vinnuafli í áratug og unnið dúninn hér en kostnaðurinn við það fer sívaxandi og vill hann því flytja efnitil fólksins eins og hann telur sig hafa rétt á eins og aðrir iðnrekendur í landinu. „Í slíku fælist einungis framför, hagræðing og aukin afköst,“ segir hann.

Jón er búinn að finna sér húsnaði og fólk í Lettlandi til vinnslunnar en komið er í veg fyrir áform hans í nýju frumvarpi landbúnaðarráðherra. Frumvarpið er smíðað upp úr vinnu nefndar sem Jón telur að helsti keppinautur sinn, sem er stærsti æðarbóndi landsins, hafi setið í. Nefndarmenn eigi í innbyrðis viðskiptum og einn þeirra hafi ættingja annars nefndarmanns í vinnu, því hafi verið um sameiginlega hagsmuni nefndarmanna að ræða og þeir hafi verið settir á oddinn við gerð frumvarpsins.

Í nefndinni voru Árni Snæbjörnsson hlunnindaráðunautur, Jónas Helgason, formaður samtaka æðarbænda, og Sigtryggur R. Eyþórsson, forstjóri XCO, undir stjórn Ingibjargar Ólafar Vilhjálmssdóttur lögfræðings. Í frumvarpinu segir að æðardúninn skuli veginn og metinn af dúnmatismönnum eftir fullhrensun en það var einmitt fullhrensunin sem Jón ætlaði að flytja til Lettlands.

„Þetta hefur einfaldlega okkar mat að það sé þessari atvinnugrein til hagsbóta að óhreinsaður



JÓN SVEINSSON IÐNREKANDI
Vill flytja út íslenskan æðardún til fullhrensunar í Lettlandi í sumar. Jón telur kostnaðinn við innfluttan vinnukraft vera sér um megn, en komið er í veg fyrir það í nýju frumvarpi landbúnaðarráðherra. Jón telur dúnbændur og stjórnvöld reyna að hindra framfarir í greininni.

dún sé ekki fluttur úr landi áður en hann er orðinn að einhvers konar viðskiptavöru. Það er okkar skoðun að þetta frumvarp standist, þar á meðal þær samningsskuldbindingar sem við höfum undirgengist, enda er ekkert verið að mismuna aðilum í viðskiptum með æðardún innan-

lands og utan,“ segir Guðmundur B. Helgason ráðuneytisstjóri.

Jón veltir um 30 milljónum króna í hrensun og útflutningi á íslenskan æðardúni og hefur um 20 prósentu markaðshlutdeild. Landsframleiðslan getur náð um þremur tonnum.

ghs@frettabladid.is

Endurskoðun á gjaldprotamálum í Bandaríkjunum:

Ekki til skoðunar hér

EFNAHAGSMÁL „Það er himinn og haf milli réttarkerfisins vestanhafs og svo aftur í Evrópu og ég kannast ekki við slíkar umræður héraðs vegna gjaldprotamála,“ segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfa-fyrirtækja, um fyrirhugaða endurskoðun Bandaríkjamanna á gjaldprotamálum.

Í Bandaríkjunum er verið að breyta löggjöfinni á þann hátt að skuldir einstaklinga sem lýsa sig gjaldprotamunu ekki firnast.



GUÐJÓN RÚNARSSON
Kannast ekki við þá umræðu að endurskoða beri lög um gjaldprot einstaklinga eins og unnið er að fyrir vestan haf.

Stjórnvöld þar ytra segja að borið hafi á því að einstaklingar lýsi yfir gjaldproti löngu eftir að í óefni er komið fjárhagslega. Í framtíðinni munu skuldir þeirra ekki falla niður að ákveðnum tíma liðnum eins og nú tíðkast.

Guðjón segist ekki vita til þess að umræður hafi orðið um slíkt hér enda almennt ekki talið að einstaklingar notfæri sér gjaldprot með þeim hætti sem bandarísk stjórnvöld telja sína þegna gera.

- aðe

LÍBÍA

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR EKKI NÁÐAÐIR Moammar Gaddafi, forseti Líbíu, sór við Allah að hann myndi ekki náða fimm búlgarska hjúkrunarfræðinga sem dæmdir hafa verið til dauða fyrir að smita 426 börn af alnæmi. Þetta sagði hann þrátt fyrir að réttað sé nú yfir lögreglumönnum í málinu vegna gruns um pyntingar.

ATHUGASEMD

Fréttastjóri Stöðvar 2, Páll Magnússon, hafði milligöngu um að fá einkavél frá fyrirtækinu Bauji til að fljúga með Bobby Fischer síðasta spólinn heim frá Japan. Misskilnings gætti milli Páls og blaðamanns og því stóð í laugar-dagsblaði Fréttablaðsins að svo hefði ekki verið.



Tökum það með
trukki

Landflutningar-Samskip í Kjarlaryoginum



Mikil ánægja ríkir meðal viðskiptamanna Landflutninga-Samskipa með nýjar bækistöðvar fyrirtækisins í Kjarlaryogi. Fullkomin aðstaða í stærstu flutningamiðstöð landsins og nálægðin við Samskip hefur skapað skilyrði til þjónustu sem gerist ekki betri.

Við lítum björtum augum fram á veginn og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Mínum á nýtt símanúmer

458 8000

Landflutningar
SAMSKIP

HVÆÐ ER AÐ FRÉTTA? VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR

Til Parísar í einangrun

„Ég var með fólk í hádegismat rétt í þessu og því fannst maturinn góður. Það eru stórtíðindi á mínu heimili þegar eldamenskan heppnast vel,“ segir Vigdís Grímsdóttir rithöfundur. Vigdís varði páskunum innanbæjar og hafði það notalegt í góða veðrinu. „Ég flakka nú ekki mikið um landið, meira kannski á milli húsa til að athuga hvort það sé eitthvað í pottunum,“ segir hún og hlær. Vigdís er nú í óðaönn að undirbúa útgáfu þriggja síðustu bóka sinna, sem koma út í einu bindi í seinni hluta apríl. „Þetta er feitur þrjúbur. Mig langaði ekki að biða með þetta þangað til í jólabókaflóðinu, það passar ekki.“ Vigdís er líka með skáldsögu í pípunum, enda sískrifandi. Hinn 1. apríl ætlar hún til



Frakklands og loka sig inni til að skrifa. „Ég ætla til Parísar, en mér þykir óskaplega vænt um þá borg. Þetta er yndislegur staður til að loka sig af og vinna.“ Vigdís kenndi á árum áður íslensku við Flensborgarskóla og ætlar að leyfa ungunum manni að njóta góðs af því þegar hún snýr heim frá París í maí. „Ég er búin að bjóðast til að kenna ungunum pilti setningarfræði fyrir samræmdu prófin í vor. Setningarfræðin er svo skemmtileg, andlagið og allt þetta,“ segir hún hlæjandi. Vigdís segist ekki hafa gert frekari ráðstafanir fyrir framtíðina, hún viti það eitt að hún verði heima á Íslandi í sumar og sumarið komi til með að vera yndislegt. Hún er vonandi forspá.

SVONA ERUM VIÐ



ÍSLENSK HEIMILI SKILA AF SÉR 140 PÚSUND TONNUM AF SORPI Á ÁRI

Heimild: Hagstofa Íslands

24
stundir



PÁFAMÁVUR Það fylgir ekki sögunni hvort þessi mávur sé sérstaklega guðhræddur en hann kom sér alltént haganlega fyrir á þessari stytta fyrir utan herbergi Jóhannesar Páls páfa í Páfagarði á annan í páskum.

Bókhlaðan á Ísafirði:

Fjórða kynslóðin tekur til hendinni

Í miðbæ Ísafjarðar stendur bóka-búðin Bókhlaðan á gömlum grunni. Verslunina stofnaði Jónas Gunnlaugsson árið 1920 og reksturinn hefur haldist innan fjölskyldu hans allar götur síðan.

Sonur Jónasar, Gunnlaugur, tók við versluninni árið 1954 og rak til ársins 1993 þegar sonur hans, Jónas yngri, tók við rekstrinum. Í skólafríum bætist við fjórði ættliðurinn, það er Gunnlaugur yngri, sonur Jónasar, og tekur til hendinni.

Gunnlaugur eldri er þó hvergi nærri sestur í helgan stein og mætir daglega til vinnu á slaginu tólf. Hann segir son sinn vera viðmótsþýðan yfirmann sem gott sé að starfa hjá. Jónas endurgeldur föður sínum hrósið og segir það draum



sérhvers atvinnurekanda að hafa jafn iðinn starfskraft í vinnu.

Jónas þakkar miðbænum á Ísafirði langlífi Bókhlaðunnar, sem hefur framfleytt fjölskyldunni um áratugaskeið. „Verslun á landsbyggðinni á vissulega undir högg að sækja, en á Ísafirði njótum við þess að hér er öflugur miðbær, sem er sérstakt fyrir ekki stærra bæjarfélag en okkar. Það er mikið líf í miðbænum og verslanir hérna styrkja hver aðra.“

GUNNLAUGUR OG JÓNAS Þeir feðgar hafa unnið saman um áratugaskeið og bera hvor öðrum söguna vel.

Auglýsing um innlausnarverð verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs

Flokkur	Innlausnartímabil	Innlausnarverð* á kr. 1.000.000,-
1995 1.fl. D 10 ár	Gjalddagi 10. apríl 2005	kr. 2.198.850

* Innlausnarverð er höfuðstóll, vextir, vaxtavextir og verðbætur.

Innlausn spariskírteina ríkissjóðs fer fram í afgreiðslu Lánasýslu ríkisins að Borgartúni 21, 2. hæð, hjá Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1 og í bönkum og spariskírteinum um land allt.

Reykjavík, 29. mars 2005



Jóhannesarpassían

Johannes - Passion J.S. Bach



Kór Langholtskirkju

Kammersveit Langholtskirkju
Konsertmeistari:
Júlíana Elín Kjartansdóttir

Einsöngvarar:
Ólöf Kolbrún Harðardóttir
Dóra Steinunn Ármannsdóttir
Þorbjörn Rúnarsson
Ágúst Ólafsson
Bergþór Pálsson
Stjórnandi:
Jón Stefánsson

Langholtskirkju
Á föstudaginn langa 25. mars kl. 16.00
Laugardaginn 2. apríl kl. 18.00

Aðgangseyrir 3500 krónur en 2800 fyrir ellilífeyrisþega og nema
Miðapantanir í síma 520 1300 og netfang klang@kirkjan.is



VIGDÍS, UNA OG KUBBURINN Vigdís tók Unu fljótlega aftur í sætt og er alsæl með farsælur lyktir málsins.

Páskafri í voða:

Tíkin tuggði tölvukubb

Litlu mátti muna að páskafri Vigdísar Esradóttur, forstöðumanns Salarins í Kópavogi, færi í hundana þegar tíkin Una tuggði frá henni tölvukubb með mikilvægum gögnum miðvikudaginn fyrir páska. „Hún náði í kubbinn og tuggði vel og vandlega áður en ég náði honum af henni. Ég reyndi að stinga kubbum í tölvuna en allt kom fyrir ekki, svo ég þurfti í flýti að skrifa bréf til áskrifenda minna sem átti að fara í póst fyrir páska. Þar að auki sá ég að ég þyrfti að vinna heilan dag í páskafríinu.“

Vigdís mætti kvefuð og þungbúin til vinnu annan dag í páskum og kunní Unu sinni litlar þakkar, þegar upptökumaðurinn Sveinn kom aðvífandi til bjargar. „Sveinn bauðst til að kíkja á kubbinn, sem

var til allrar hamingju enn í ruslafötunni, og sá að lóðninguna vantaði á hann. Hann bauðst til að reyna að laga kubbinn og viti menn, hann virkar!“ segir Vigdís og greinilegt að þungu fargi er af henni létt. „Ég sé fram á að þurfa að vinna í fimmtán mínútur í staðinn fyrir fimm klukkustundir eins og stóð til, og fæ því dálítið páskafri.“

Vigdís segist hafa hugsað Unu þegjandi þörfina þegar hún gæddi sér á á kubbnum. „Ég ætla ekki að segja þér orðin sem voru látin fjúka í hita augnabliksins. En ég er löngu búin að fyrirgefa henni enda er hún unaðleg,“ segir Vigdís um Unu, sem var ekki neitað um páskasteikina þrátt fyrir uppátækið.

- bs

LÆKKKAÐ VERÐ Á NÝJUM BÍLUM!

Gríptu tækifærið og endurnýjaðu fyrir vorið.

Opið mánudaga til föstudaga kl. 9-18 og laugardaga kl. 12-16.



FBL GREINING: HUGTÖK LÍKNANDI MEÐFERÐA

Hvenær er líknardauði réttlætanagerur?

Mál bandarísku konunnar Terri Schiavo, sem er heilasködduð og haldið á lífi með sérstökum búnaði sem veitir henni næringu, hefur vakið ýmsar siðfræðilegar spurningar. Hvenær er rétt að halda lífi í manneskju með öllum mögulegum leiðum og hvenær er réttlætanagerlegt að veita viðkomandi líknardauða? Í þessu samhengi koma nokkur hugtök við sögu.

Líknardráp

Gripíð er til aðgerða með það að markmiði að valda dauða sjúklings. Er þá valin meðferð sem á skömmum tíma leiðir viðkomandi til dauða. Sá sem líknardrápið fremur ber þá ótvíræða ábyrgð á dauða hins látna. Þessari meðferð er ekki beitt á Íslandi og er

ekki viðurkennd hér. Líknardráp hefur hins vegar verið útfært sem löglegt úrræði í Hollandi. Á meðan minnsti mögulegi skammtur er notaður í líknandi meðferð eru í líknardrápi notaðir margfaldir skammtar sem beinlínis ógna lífi.

Líknardauði

Þegar lífinu er haldið í deyjandi manneskju á sjúkrahúsi með tæknivæddum aðferðum, jafnvel löngu eftir að allar batalíkur og vonir um að sjúklingur geti notið nokkurra lífsgæða eru úr sögunni. Þegar þessum tæknilegu aðferðum er hætt og viðkomandi er leyft að deyja mætti kalla það líknardauða. Á íslenskum sjúkrahúsum er talið að það geti verið eðlilegt að aftengja tæki þegar



Það er sýnt að meðferð sem menn vonuðu að skilaði árangri geri það ekki.

Líknandi meðferð

Felur í sér að læknaði meðferð er hætt

svo fremi sem það bitni ekki á líðan sjúklingsins. Öllum viðurkenndum ráðum er beitt til að draga úr einkennum og þjáningum þannig að sjúklingnum líði sem best þann tíma sem hann á eftir ólífað. Ekki er beitt endurlífugun eða gjörgæsluvistun. Þetta er skilgreiningin sem stuðst er við á LSH.

Líknarmeðferð, þá oftast nefnd ein-kennameðferð, er oft notuð samfara annarri virkri meðferð. Skilin þarna á milli eru ekki alltaf skörp. Í líknandi meðferð er alltaf valinn minnsti skammtur sem dugur til að slá á ein-kenni.

Heimild: Pálmi V. Jónsson, læknir á Landspítala Háskólasjúkrahúsi.



Mín heima er Ísland

Ný mállyska er að þróast meðal útlendinga vegna þess að þeir tala bara hver við annan, segir Ingibjörg Hafstað, ein af frummælendum á málþingi um kynþáttafordóma sem haldið var í Norræna húsinu.

FORDÓMAR Orðasambönd eins og „mín heima er“ viðgangast meðal útlendinga án þess að þeir átti sig á því að þau eru röng. Þetta var meðal þess sem fram kom í máli Ingibjargar Hafstað, forstjóra Fjölmennningar ehf., á málþingi um kynþáttafordóma á Íslandi sem

haldið var í tilefni dags Sameinuðu þjóðanna gegn kynþáttafordómum.

Ingibjörg kennir útlendingum íslensku. Nemendur hennar eru um sjöttíu af þrjátíu mismunandi þjóðernum. Það kom henni töluvert á óvart þegar hún leiðrétti einn nemanda sinn fyrir að segja „mín heima er“ í staðinn fyrir „ég á heima“. Héldu nemendur hennar því fram að þetta væri í raun rétt, því „allir segja þetta“.

Útlendingar einangraðir

Eftir nokkurt þóf komst Ingibjörg að því að útlendingarnir töluðu aldrei við Íslendinga og þannig viðhéldist þetta orðasamband í góðri trú um að það væri rétt. „Þarna eru greinilega mjög at-



Á EIGIN FÓTUM Þessi maður, Ansari að nafni, líði af hamfarirnar við Indlandshaf fyrir tæpum þremur mánuðum þótt hann hefði misst annan fótlegginn. Í síðustu viku fékk hann loksins gervifótlegg og hefur eflaust verið því feginn.



Tilboð mars 2005
20% afsláttur af NexxStyle og LinStyle servíettum, TexStyle og LinStyle dúkum á rúllum.

Nýr opnunartími í verslun RV:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00 til 18:00
Laugardaga frá kl. 10:00 til 14:00

Fyrir afmælisveisur, fermingar og brúðkaup



Bolsíus kertir

24,5 cm, 30 stk.

478.-



Lotus TexStyle dúkarúlla

1,2 x 50 m

4.557.-



Lotus NexxStyle servíettur

39 x 39 cm, 80 stk.

Verð frá 222.-

Lotus Professional borðpappírsvörur

– setja lit á borðhaldið



Rekstrarvörur

– vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



TATJANA LATINOVIC Tatjana er formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Hún var ein frummælenda á málþingi um kynþáttafordóma á Íslandi sem haldið var í Norræna húsinu.

hyglisverðir hlutir að gerast,“ segir Ingibjörg og bendir á að þetta orðasamband og fleiri sé að finna úti um allt land. Þetta þykir henni benda til þess að til sé útbreitt net útlendinga sem séu einangraðir frá meirihluta samfélagsins. „Þetta er möguleiki til að rannsaka hvernig ný mállyska

verður til,“ segir Ingibjörg og bendir á að virkja þurfi tengsl milli Íslendinga og útlendinga, því á meðan Íslendingar hafi svona lítil samskipti við útlendinga hljóti þetta að gerast.

Ingibjörg vill færa íslenskukennslu meira út á vinnustaði. Hún hefur sjálf kennt

100%
veðsetningarlutfall

Frjáls íbúðalán

4,15%

4,15% verðtryggðir vextir

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar. Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

Þjóðhátíð í Pakistan:

Stálinu stappað í íbúa Kasmír

Mikið var um dýrðir í Pakistan á miðvikudaginn en 23. mars er þjóðhátíðardagur þar í landi. Fyrir 65 árum tóku múslimar á svæðinu sig saman og lýstu yfir sjálfstæði en þeir þurftu þó að bíða í sjö ár áður en Bretar veittu þeim það. Framan af var Pakistan skipt í Austur- og Vestur-Pakistan.

Spenna hefur alla tíð ríkt á milli Pakistana og Indverja vegna Kasmír-héraðsins á landamærum ríkjanna. Stríð geislaði á milli þjóðanna á árunum 1947-48 og aftur 1965 vegna svæðisins.

Sjö árum síðar skarst svo enn í odda á milli ríkjanna. Varð austurhluti Pakistan sjálfstætt ríki í framhaldi af þeim átökum og hefur

síðan kallast Banglades.

Þótt ráðamenn ríkjanna hafi sent hver öðrum tóninn undanfarin ár hefur ekki komið til átaka lengi og raunar ríkir talsverð þíða í samskiptum þeirra um þessar mundir. Hrósa flestir happi yfir því enda búa bæði löndin yfir kjarnorkuvopnum. Pervez Musharaf, forseti Pakistan, var þó ómyrkur í máli á miðvikudaginn þegar hann sagðist í ræðu sinni mundu styðja frelsisbaráttu Kasmír-búa hvað sem tautaði og raulaði.

Í FULLUM SKRÚÐA

Hersýningar eru órjúfanlegur þáttur þjóðhátíðarhalda Pakistana. Þessir menn stóðu heiðursvörð á miðvikudaginn.



Afmæli H.C. Andersens:

Íraskur ráðherra á listann

DANMÖRK Íraski menningarmálaráðherrann Mufeed al-Jazairi hefur verið útnefndur H.C. Andersen-góðgerðasendiherra og mun taka þátt í dagskránni 2. apríl þegar 200 ára afmælis danska ævintýraskáldsins verður minnst með pomp og prakt.

Frá þessu greindi danski sendiherrann í Írak.

Íraski ráðherrann bætist á lista nærri 100 góðgerðasendiherra frá yfir 40 löndum sem munu hjálpa til við að vekja athygli á dagskrá afmælisársins. Þeirra á meðal eru Vigdís Finnbogadóttir og Einar Már Guðmundsson. ■

starfstengda íslensku á vinnustöðum þar sem útlendingum er kennt að hafa tengsl innan vinnunnar og á kaffistofunni. Þá er hún þessa dagana í verkefni á Vestfjörðum, þar sem er mjög blómlegt fjölmenningsamfélag. Þar verður reynt að útvíkka hugmyndafræðina og kenna útlendingum það tungumál sem þeir þurfa á að halda núna, til að geta bjargað sér. Ingibjörg telur lítið fyrir útlendinga að græða á íslenskukennslu þar sem mörgum klukkutímum er varið í fleirtölu og þágufall, læra á tungumál til að nota það.

Fræða þarf innflytjendur um fordóma

Aðrir frummælendur á málþinginu voru Hulda Karen Daníelsdóttir, fræðsluráðgjafi í nýbúafræðslu, Tatjana Latinovic, formaður samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, og Carlos Melgar þjónn, sem miðlaði af reynslu sinni sem innflytjandi á Íslandi.

Tatjana benti á það að Íslendingar einblíni um of á að fræða sjálfa sig um fordóma. Á Íslandi búi 15 þúsund útlendingar sem allir komi með eigin hefðir til landsins og haldi sínum skoðunum. Það þurfi því einnig að leggja áherslu á að fræða innflytjendur um fordóma. Hún sagðist þó ekki vita til þess að upp hefðu komið nein vandamál milli ólíkra innflytjendahópa en búast mætti við að það gerðist ef þeir væru skildir út undan í fræðslu.

Tatjana sagði einnig að samtökin sem hún er í forsvari fyrir vildu vinna að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna af erlendum uppruna á öllum sviðum þjóðfélagsins. Fólk héldi að þau fjölluðu bara um vandamál en hún vildi að samtökin sýndu fjölbreytileika og að það heyrðist líka í þeim útlendingum sem hafa komið sér vel fyrir hér á landi.

Erfitt fyrir menntaða innflytjendur að fá vinnu við hæfi

Carlos Melgar er þjónn og hefur búið á Íslandi í 22 ár. Hann sagði margt hafa breyst á þeim tíma. Þegar hann kom hingað fyrst hefðu til dæmis allir þekkt útlendingana í Reykjavík og fólk meira að segja stoppað úti á götu til að horfa á fólk af öðrum litarhætti.

Áður hefði ekki verið neitt mál að fá atvinnu og dvalarleyfi, enda allir í þremur störfum og nóg um vinnu. Nú væri erfitt fyrir fólk með menntun að koma hingað og fá vinnu við hæfi. Carlos telur að Íslendingar sætti sig við að útlendingar vinni störf sem þeir vilji ekki vinna sjálfir en hins vegar sé þeim verr við að leyfa menntuðu fólki að „stela“ af þeim vinnunni. Hann segir þó margt hafa breyst til hins betra. Fyrir 20 árum hafi enga hjálp verið að fá fyrir innflytjendur og þeir hafi þurft að sjá um allt sjálfir, læra á kerfið og íslenskuna. Nú sé ýmsa hjálp að fá.

Carlos sagði mun erfðara fyrir útlendinga að komast inn í háskóla en áður. Sagði hann frá því að honum hefði verið hafnað um skólavist í Háskóla Íslands þegar hann sótti þar um fyrir tveimur árum. Var honum bent á að fara fyrst í eitt ár í menntaskóla.

solveig@frettabladid.is



TÍMABUNDIN LOKUN NJARÐARGÖTU

29. mars - 20. apríl 2005.

Njarðargötu, frá Hringbraut og Vatnsmýrarvegi að Sturlugötu, verður lokað vegna framkvæmda við færslu Hringbrautar 29. mars - 20. apríl 2005.

Íbúum í Skerjafirði og öðrum vegfarendum er bent á að fara um Hringbraut og Suðurgötu á meðan lokunin stendur yfir. **Aðkoma að Umferðarmiðstöð** (BSÍ) verður frá Bústaðavegi.

Beðist er velvirðingar á óþægindum sem lokunin kann að valda. Tekið er við ábendingum um það sem betur má fara við framkvæmdina í síma **563 2510**. Nánari upplýsingar á **www.rvk.is/fs**



Reykjavíkurborg
Framkvæmdasvið



 CITROËN



C4 SALOON

Vertu í öruggu formi

- aktu um á nýja fjölskyldubílnum Citroën C4 SALOON

Citroën C4 SALOON dúxaði örugglega á prófi hjá árekstraröryggisstofnuninni EuroNCAP. Í sínum flokki fékk Citroën C4 SALOON hæstu einkunn frá upphafi: 35 stig.* Sjáðu C4 SALOON. Veldu falllegt og kraftmikið form og öryggi fyrir fjölskylduna. Veldu Citroën C4 SALOON.

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Samanlagður stigafjöldi úr árekstrarprófi þar sem prófaður var árekstur á hlið og að framan. Þar sem bílar voru jafnir þá var miðað við árekstur á gangandi vegfaranda. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar.

Komdu og prófaðu í dag
Sjáðu nýjan Citroën


Nýtt verð á C4 Saloon
5% gengislækkun
Komdu núna í Brimborg

Upplifðu nýja hönnun í dag

Komdu og prófaðu í dag.
Sjáðu nýjan Citroën C4 SALOON.
Nýtt verð aðeins frá 1.820.000 kr.
til 2.240.000 kr.*


Öruggur staður til að vera á

skoðun

SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Þjóðkirkjan hlýtur að snúast til varnar þegar vegið er að grundvelli hennar.

Predikun biskups í Dómkirkjunni

Predikun herra Karls Sigurbjörnssonar, biskups Íslands, í Dómkirkjunni hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli. Er þú sérstaklega ummæli hans um stöðu og horfur kristinnar kirkju og trúar um þessar mundir hér á landi og annars staðar í Vestur-Evrópu sem menn hafa staldrað við.

Biskup vitnaði til Jóhannesar Páls páfa, sem hefur lýst áhyggjum yfir því að þrengt sé að kristinni trú og kirkju í Evrópu. Fjölmíðlum, stjórnmálamönnum og öðrum áhrifavöldum samfélagsins sé í mun að halda trúnni innan fjögurra veggja heimila og kirkna, en utan við almannarýmið. Æ fleiri trúaðar kristnar manneskjur finni sig undir þrýstingi sífellt ágengari trúleysivíðhorfa skoðanamótenda og myndarsmíða. Svo virðist sem flest víðhorf og skoðanir eigi óhindraðan aðgang, nema hin klassísku kristnu. Fáir dirfist að halda þeim á lofti, þau virðist eiga sér fáa málsvara.

Og biskup Íslands tók undir þessi varnaðarorð páfa. „Hann veit hvað hann syngur, þekkir af eigin raun þá afarkosti sem alræðissamfélagið setur frjálsri hugsun, frjálsri trú. Hann sér skugga annars konar alræðis leggjast yfir álfuna.“

Biskup nefndi að þegar breski forsætisráðherrann, Tony Blair, varð fimmtugur hefði almannatengslafræðingar hans ráðið honum frá því að nefna Guðs nafn opinberlega í þakkaræðum sínum. „Og það þrátt fyrir að það er á allra vitorði að hann er trúður, kristinn maður sem tekur trú sína alvarlega og iðkar hana.“

Herra Karl Sigurbjörnsson gerði síðan að umtalsefni umræðuna að undanförunum um kristnifræðikennslu í skólum hér á landi og kvað hana anga af þessum sama meidi. „Fámennur þrýstihópur vill rýma fræðslu um þá mikilvægu grunnstöð samfélagsins sem kristni er, út úr skólanum, í nafni mannréttinda og fjölmenningar. Ég treysti yfirvöldum menntamála til að halda vöku sinni í þessum efnum. Meðan nú af hverjum tíu grunnskólabörnum eru skírð, meðan mikill meirihluti foreldra vill viðhalda kristnum hefðum og gildum, þá hlýtur skólinn að sinna fræðsluskilyldu sinni. Skólinn á ekki að sinna trúboði. En hann má ekki láta sem trú skipti ekki máli. Hann á að stuðla að þekkingu og menntun, og hamla gegn fordómum og fáfræði, ekki sist um þá trú sem mótar menningu okkar og sið.“

Lokaorð biskups Íslands um þetta efni voru: „Ég er sannfærður um að besta framlag okkar til frelsis og mannréttinda, virðingar og umburðarlyndis í heimi vaxandi fjölmenningar sé að styrkja grundvöll eigin sjálfmyndar menningar og siðar. Óljós sjálfmynd veldur öryggisleysi, og öryggisleysi og fáfræði er frjósamasti jarðvegur fordóma“.

Líklega er kristin kirkja í fáum löndum heims jafn umburðarlynd og hófsöm í boðskap og á Íslandi. Svo hefur verið um langt árabil. En stofnun sem hefur jafn mikilvægu hlutverki að gegna og þjóðkirkjan hlýtur að snúast til varnar þegar að tilveru grundvelli hennar er vegið. Biskup hefur stigið fram með viturlegum og skynsamlegum orðum sem kirkjan hlýtur að fylgja eftir. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p>Reiði Með komu Bobby Fischers til landsins hefur okkur Íslendingum tekist að komast á ný í sviðsljós heimspressunnar. En ýmsir spyrja sig hvort það hafi verið þess virði. Við erum von því að í hvert skipti sem þetta eftirsóttá ljós skín á okkur sé landi og þjóð hrósað í hástert og þá kemur þessi þægilegi roði í kinnarnar. Skyldum við eiga þetta lof skilið? Láttum svarið liggja milli hluta. En nú bregður svo við að frægðinni fylgja ádrepar víða að og það er óneitanlega óþægilegri tilfinning. Alþjóðasamfélag gyðinga er í uppnámi yfir framferði okkar og þess er krafist að ríkissaksóknari</p>	<p>hafi afskipti af málinu, þar sem ummæli Fischers um gyðinga séu lagabrot. Stórblaðið Washington Post birtir í gær leiðara undir fyrirsögninni „Skammist ykkar, Íslendingar“. Víða á netinu er enn fastar að orði kveðið um ósvinnu þjóðarinnar og stjórnvalda hér.</p> <p>Erfitt að útskýra Að vísu er það ekki svo að forðæmingin sé einhliða. Sums staðar utanlands heyrst hrós í garð Íslendinga fyrir að bjarga Fischer úr þrúundinni. En greinilegt er að menn eru svoltið hissa á því að Alþingi og ríkisstjórn skuli leggja svona mikið á sig og tefla svona djart fyrir einstakling sem enga kröfu eigi á aðstoð landsmanna. Ekki er auðvelt að útskýra fyrir útendingum hvernig Ís-</p>
<p>lendingar hugsa um þetta sem mannúðarmál ofar lagaprættum og deilum um skoðanir og framferði Fischers. Ólíklegt er að Fischer væri hingað kominn nema vegna þess að hann bast á sínum tíma vináttuböndum við Sæmund Pálsson, sem hefur reynst honum drengur góður. Og svo hefur stuðningur Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra ráðið úrslitum. En meðan umheimurinn deilir um efnisatriðin tekst okkur Íslendingum að láta Fischer-málið snúast um það hvernig íslenskir fjölmiðlar stóðu að verki við komu hans til Íslands. Björn Bjarnason fjallar um þetta á vefsíðu sinni um helgina og finnst athyglisvert „hve skrytinn tilvik geta orðið að fréttafæni í tengslum við söguleg atvik“.</p> <p>gm@frettabladid.is</p>	

Afvegaleiddur aðstoðarritstjóri

UMRÆÐAN
STÖÐ 2 OG BOBBY FISCHER



PÁLL MAGNÚSSON
FRÉTTASTJÓRI STÖÐVAR 2

Eftir að hafa tekið uppspuna Einars S. Einarssonar, um gang mála við komu Bobbys Fischers til landsins, góðan og gildan – þrátt fyrir að hann hafi verið marghrakinn af öllum sem til þekktu – heldur Jón Kaldal því fram án rökstuðnings, að tiltekinn fréttamaður Stöðvar 2 hafi logið að áhorfendum.

Sem betur fer eru margir metnaðarfullri og aðgangsharðari blaðamenn á Fréttablaðinu en Jón Kaldal, aðstoðarritstjóri, virðist vera. Annars væri illa fyrir því komið. Ég er reyndar enn með ónot yfir því að nokkur blaðamaður yfirleitt geti skrifað leiðara á borð við þann sem Jón birti í Fréttablaðinu á laugardaginn var. Eftir að hafa tekið uppspuna Einars S. Einarssonar, um gang mála við komu Bobbys Fischers til landsins, góðan og gildan – þrátt fyrir að hann hafi verið marghrakinn af öllum sem til þekktu – heldur Jón Kaldal því fram án rökstuðnings, að tiltekinn fréttamaður Stöðvar 2 hafi logið að áhorfendum. Nú veit ég með fullri vissu að það gerði fréttamaðurinn auðvitað ekki. Eftir stendur þessi ómerkilega, óheiðarlega og staðlausa fullyrðing Jóns Kaldals, sem sjálf þverbrýtur einmitt þá 1. grein siðareglna Blaðamannafélagsins, sem vitnað er til í leiðaranum.

Tvennt í viðbót: Jón Kaldal telur það hafa verið mikinn ljóð á ráði undirritaðs þetta kvöld, að „Hann stígur inn í atburðií stað þess að standa fyrir utan þá og flytja af þeim fréttir“. Má það ekki? Mátti t.d. Árni Snævarr ekki „stíga inn í“ og trufla einhverskonar móttökuathöfn fyrir kinnverskan ráðamann hér um árið og spyrja hann um mannréttindamál í Kína? Jú, hann bæði mátti og átti að gera það. Fréttamenn bæði mega og eiga nefnilega að „stíga inn í atburði“ ef svo ber undir, þótt ég hafi reyndar ekki gert það á flugvellinum eins og Jón Kaldal heldur fram. Og til allrar hamingju hafa blaðamenn Fréttablaðsins margoft haft í sér döngun til að „stíga inn í atburði“, þótt aðstoðarritstjórinn hafi hana ekki.

Og svo segist Jón Kaldal „...nánast orðlaus“ yfir þeim gjörningi „...að nýta sér kostun Baugs (aðal-eiganda þess fjölmiðlafyrirtækis sem Páll starfar fyrir) á einkabotu undir Fischer, til að skapa sér forskot á frétt...“. Ég spyr enn: má það ekki? Ef Fréttablaðinu hefði t.d. boðist sæti fyrir ljósmyndara í flugvélinni sem flutti Fischer til landsins – og þannig fengið forskot á önnur blöð – hefði þá Jón Kaldal hafnað því?

Allir alvöru fréttamiðlar hefðu auðvitað nýtt sér slíkan möguleika, og t.d. spurðist ágætur fréttamaður Ríkissjónvarpsins fyrir um það hvort hann gæti fengið sæti í vélinni. Eða á að skilja orð Jóns Kaldals sem svo, að Stöð 2 mátti ekki þiggja farið með vélinni af því að það var einmitt Baugur sem kostaði hana? Hefðum við mátt það ef t.d. KB banki eða Landsbankinn hefðu kostað hana? Þá verð ég að upplýsa aðstoðarritstjórann um það grundvallaratriði, að eignarhald Baugs á Stöð 2 hefur engin áhrif á umgengni eða umfjöllun fréttastofunnar um það fyrirtæki. Það sem er í lagi gagnvart t.d. Landsbankanum er í lagi gagnvart Baugi – og öfugt. En úr því að Jón Kaldal er svona beyglaður af þessu



FISCHER Á ÍSLANDI
Fischer með Sæmundi Pálssyni á blaðamannafundi daginn eftir komuna til Íslands.

eignarhaldi verður hann að upplýsa lesendur Fréttablaðsins um hvaða áhrif það hefur á umgengni og umfjöllun blaðsins um Baug. Er hún meiri eða minni? Jákvæðari eða neikvæðari?

Satt best að segja finnst mér að Jón Kaldal ætti af umhyggju fyrir sjálfsmýnd sinni sem blaðamanns að reyna að gleyma því sem fyrst að hafa skrifað þennan leiðara. Svo ætti Jón að sjá sóma sinn í því að biðja fyrrnefndan fréttamann afsökunar á að hafa vænt hann um lygi. Ég reikna hins vegar ekki með því að Jón Kaldal geri það – og hafi hann þá skömm fyrir. ■

ATHUGASEMD AÐSTOÐARRITSTJÓRA

Páll Magnússon verður að eiga það við sjálfan sig ef hann kys á líkja þætti sínum í komu Bobby Fischers við aðgangshörku Árna Snævarrs með mikrófóninn við kinnverska ráðamann hér um árið. Hitt er annað mál að yfirlýsing Einars S. Einarssonar um uppákomuna á Reykjavíkuvelli var ekki tilefni pistils míns. Ég sá útsendinguna með eigin augum. Og það er sama hversu oft Páll segir að keisarinn hafi verið í fötum; það sá þú það allir að hann var allsber. Leiðarinn stendur.

Jón Kaldal,
aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins.

Ævintýraheimur H.C. Andersen

Klaustar og Kóngsdætur

Ævintýraleig leikhúsveisla!

ÞÓÐLEIKHÚSIÐ

Frjálsar kosningar í arabalöndum vekja athygli:

Er lýðræði loks að skjóta rótum?

Eiga frelsi, lýðræði og mannréttindi möguleika í Mið-Austurlöndum?

LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík ADAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK 6.56	13.32	20.11
AKUREYRI 6.38	13.17	19.58

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er þriðjudagur 29. mars, 88. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	24-25
Ás	12-13
Ásbyrgi	14
Bífröst	16
Draumahús	19-22
Eignakaup	30
Eignastýring	7
Fasteignamarkaðurinn	15
Fasteignamiðlun	17
Fasteignam. Grafarv.	18
Fasteignamiðlun Hf.	31
Hraunhamar	10-11
Húsaland	6
Húseign	14 og 18
Húsið	4
Húsin í bænum	17
Lyngvík	8
Miðborg	23
Neteign	9
Nethús	32
Nýtt fasteignasala	6
Remax	17, 27-29
X-Hús	7
Pingholt	5

SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. 34

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

allt - fasteignir

hús.öf.

Skyggni lengja sumarið BLS. 2
Steingólfíð málað BLS. 3

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Húsið er í góðu standi jafnt að innan sem utan.

Húsið stendur við sjávarsíðu Fossvogsins

Fasteignasalan Eignakaup er með til sölu glæsilegt 225,7 fermetra hús á tveim hæðum auk kjallara með tveim íbúðum með sérinngangi á Sæbólsbraut 38 í Kópavogi.

Húsið stendur við sjávarsíðu Fossvogsins með verönd allan hringinn og stórfenglegu útsýni. Á neðri hæð er komið inn í flísalagða forstofu. Á hægri hönd er rúmgóður, innfelldur fataskápur og tvö góð parketlögð svefnherbergi. Loftið er paníllætt. Við enda forstofu er fallett baðherbergi sem er flísalagt í hólf og gólf með hornbaðkari og ljósleitri vaskinnréttingu. Úr forstofu er gengið inn í flísalagða stofu með fallettu útsýni. Á vinstri hönd úr forstofu er gengið inn í afar rúmgott eldhús með flísum á gólfi. Eldhúsinnréttung er L-laga með granít borþötu og Siemens keramikhelluborði. Góður borðkrókur og fjórir gluggar í eldhúsi í tvær áttir. Úr eldhúsi er innangengt í stofu. Neðri hæðin er með fjórföldu gleri. Úr

forstofu er viðarstigi upp á efri hæð hússins. Á vinstri hönd er góð sjónvarpsstofa með þakglugga og útgengi út á góðar vestursvalir. Veggir og loft eru paníllædd. Á hægri hönd eru parketlögð og paníllædd hjónaherbergi og barnaberbergi. Baðherbergi er á hæðinni með baðkari og sturtuadstöðu. Flísar á gólfi og á vegg við baðkar. Prefalt gler er á efri hæðinni.

Úr forstofu er gengið niður um viðarstiga í kjallara með þvottaadstöðu og sérgeymslu sem fylgir hæðinni. Íbúðirnar í kjallara eru samtals um það bil 65 fermetrar og báðar með sérinngangi. Þær eru í mjög góðu standi með góðum gólfefnum og snyrtilegum innréttingum. Báðar í útleigu.

Húsið sjálf er timburhús með steypum kjallara og lítur vel út að utan sem innan. Garðurinn er í góðri rækt og einstaklega fallegur. Góð timburverönd með skjólveggjum er við suðurhlíð hússins. Hellulagt bílaplanið er hitað og fylgir bílskúrsréttur húsinu.

Ásett verð er 45 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU í fasteignum

Tafl- og bridgehús reis á Hólmarvík um miðjan sjötta áratug síðustu aldar og mun

það vera hið eina hér á landi sem byggt hefur verið sérstaklega utan um skáklitina. Gaman er að rifja það upp nú þegar Bobby Fischer er að bæstast í hóp Íslendinga, enda þótt taflhúsið hafi verið byggt áður en farið var að forma einvígi aldarinnar. Taflhúsið var byggt úr viðjum íbúðarhúss sem stóð í Vatnshorni í Þiðriksvalladal og tekið formlega í notkun árið 1958. Það er nú minnisvarði um skákáhuga Strandamanna en þessi frétt er fengin af www.strandir.is og myndin einnig.

Bygging íþróttamannvirkja er meðal þess sem á döfinni

er í Fjarðabyggð. Samkvæmt vefnum www.fjardabyggd.is er

búið að taka tilboði í framkvæmdir við sundlauginu í Neskaupstað og verið er að vinna að samningum um byggingu sundlaugar á Eskifirði. Einnig eru uppi hugmyndir um byggingu fjölnota íþróttahúss á Reyðarfirði.

Landsvirkjun hefur ákveðið að taka tilboði Fosskrafts sf. í hlaðhús Kárahnjúkavirkjunar, þjónustubyggingar sem rísa mun í Fljótsdal. Hlaðhúsið verður reist við munna aðkomuganga að stöðvarhúss-hvelfingunni og mun hýsa stjórnstöð, verkstæði og starfsmannaadstöðu Kárahnjúkavirkjunar. Fréttin var á vefnum www.karahnjukur.is.



Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Gólfmottur

Gólfmottur á að ryksuga reglulega, og bletti og óhreinindi á að þrifa um leið. Einu sinni í mánuði er gott að hengja þær út og slá úr þeim rykið og einu sinni á ári á að fara með þær í hreinsun.




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - Sími 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir



Skyggnin lengja sumarið hjá fólki í báða enda því þau mynda skýli á pallinum í vissum veðrum.

Pólyhúðun

Innbakað Duftlakk á alla málma

Pólyhúðum:
Utanhússklæðning
álguggar
bárujárn
stálvirki
handrið
gler
sólbeeki
vatnsbretti
o.fl.
o.fl.



Þessir byggja til framtíðar...
...og við hjálpuðum þeim.
Vilt þú byggja til framtíðar?

Eigum á lager 350 RAL litir

Pólyhúðun ehf
S: 544 5700 * www.polyhudun.is
Smíðjuvegi 1 * 200 Kópavogur

Skyggnin lengja sumarið í báða enda

Skyggni ofan við palla, svalir og potta eru mjög að ryðja sér til rúms hér á landi. Margir hafa kynnst þeim erlendis þar sem þau eru einkum sett upp til varnar sól og regni. Hér hjálpa þær líka við að halda í ylinn sem leggur frá útiörnum, gasofnum og grillum.

söluaðila og hóf að framleiða svona sólskyggni í fyrri. Víðir tekur þó fram að þegar vindurinn blási lárétt þýði ekkert að vera með skyggnin uppi og þá sé fljótlegt að vinda þau inn, annaðhvort með sveif eða rafmótor og fjarstýringu. Skyggnin eru líka kölluð markisur á frekar vondu máli. „Maður skilur þetta ekki eftir uppi við hér á Íslandi, nema þegar best er og blíðast. En til eru vindmælar sem fólk getur sett upp og stillt á vissan vindhraða og þá fer dúkurinn inn,“ upplýsir Víðir.

inn í sérstöku hylki sem er utan um það, að sögn Víðis.

Bæði hjá Pílu-guggatjöldum og Seglagerðinni Ægi er boðið upp á fulla þjónustu við máltöku og uppsetningu skyggnanna. Hjá Seglagerðinni Ægi er afgreiðslufrestur aðeins nokkrir dagar en í Pílu-guggatjöldum er hann 4 til 6 vikur því að skyggnin eru framleidd á Spáni.

Fullt samræmi þarf að vera í breidd og lengd skyggnanna. Verðið á skyggni í stærðinni 3x2,60 er um 100 þúsund krónur hjá Seglagerðinni Ægi fyrir utan uppsetningu og mótur. Birgir í Pílu-guggatjöldum segir verð hafa lækkað um 10% frá því í fyrri, vegna gengisbreytinga. Þar kostar skyggni í stærðinni 6x3 um 130 þúsund. Mótur kostar í kringum 150 þúsund.

gun@frettabladid.is

GÍTARINN EHF.

www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 - Sími: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is

Erum að taka upp nýja sendingu

Rafmagnsgítarpakki verð frá kr. **22.900**

Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur. Stillitæki

Klassískur gítar frá **10.900**

Þjóðlagagítar frá kr. 14.900

MAPEX trommusett með stöndum og diskum

rétt verð kr. **79.900**
tilboðsverð kr. **59.900**

BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR

Fáðu hjálp í sjónvarpinu

Nóg er til af þáttum sem geta hjálpað til við breytingar á húsinu og heimilinu.

Queer Eye for the Straight Guy er þáttur á Skjá einum um fimm samkynhneigðar tiskulögur sem taka að sér meðalþjóna og breyta þeim og húsaöryggjum þeirra í glæsivillur.



The Block á Stöð 2 er raunveruleikabáttur þar sem fjögur þór bretta upp ermarnar og taka að sér að innrétta jafn margar íbúðir. Þórir fá víska upphæð af peningum til að innrétta og oft finna þau upp á snilldarlegum og ódýrum lausnum fyrir íbúðirnar.



Á Skjá einum er þáttur Völu Matt, Innlit/útlit, en flestir ættu að vera farnir að kannast við þá. Vala sýnir áhorfendum fallegar og skemmtilegar íbúðir og kynnrir sniðugar lausnir fyrir heimilið.

Þriðji þátturinn á Skjá einum er Allt í drasi þar sem Heiðar „snyrtir“ Jónsson og Margrét Sigfúsdóttir ryðjast inn á heimili fólks og þrifa hjá þeim.

Svo ekki sé minnst á fasteignasjónvarpið Þak yfir höfuðið á Skjá einum sem útskýrir fasteignamarkaðinn, Eldsnögg með Jóa Fel á Stöð 2 sem útbýr matinn og Regnhlífarnar í New York í Sjónvarpinu þar sem kynntar eru skemmtilegar bækur sem hægt er að lesa eftir allt stússið.

Hver vill ekki hafa fallega glugga sem aldrei þarfnast viðhalds?

Hjá PGV ehf Hafnarfirði færðu hágæða viðhaldsfría PVC-u glugga á sambærilegum verðum og glugga sem þarfnast stöðugt viðhalds...

Gluggar framleiddir úr PVC GLUGGAPRÓFÍLUM

...auka gildi og þægindi eignarinnar

Hvorki fúi né ryð engin málningarvinna

frábær hita og hljóðeinangrun

fallegt útlit

margir opunarmöguleikar

örugg vind og vatnsþétting

mjög hagstætt verð




PGV PLASTGLUGGAVERKSMÍÐJAN
...gluggi til framtíðar

Bæjarhraun 6 220 Hafnarfjörður sími:564-6080 fax:564-6081 www.pgv.is

IN SINK ERATOR

Matarleyfarnar beint í vaskinn...

SORPKVARNIR FYRIR HEIMILISVASKA

Minna heimilissorp, minni lykt úr ruslafötunni, meiri þægindi!
Á vefsíðu okkar finnur þú bækling um sorpkvarnir fyrir heimili.

SALA LEIGA **KVARNIR**

Tunguháls 15 • Sími: 564 6070 • www.kvarnir.is

Skreytt og sérstakt steingólf

Það er engin launung á því að hrá steingólf eru ekkert sérstaklega falleg. Í seinni tíð hefur borið mikið á því að fólk málar og lakkar steingólf sín í öllum regnbogans litum og er þetta næstum því orðið jafn algengt og teppin gömlu voru. Fréttablaðið fór á stúfana og lét kenna sér að grunna, mála og lakka steingólf.



Badherbergi í skærum litum. Takið eftir gólfinu sem hefur verið tekið í gegn með lakki og veggfóðri.

„Þegar málað er á steingólf er best að grunna gólfíð fyrst með olíulakki. Það er ódýrasta aðferðin til að grunna og líka mjög góð. Þá er lakkið þynnt 25 prósent með terpentínu og farið ein umferð með því á gólfíð. Síðan eru tvær umferðir málaðar yfir gólfíð með lakkmálinu til að fá litinn á gólfíð,“ segir Sverrir Einarsson, starfsmaður hjá Litaveri á Grensásvegi 18.

Áð sögn Sverris eru litir í lakkmálinu ansi takmarkaðir og ekki eins margir og fást í „venjulegri“ málinu ef svo má segja. „Til að fá aðra liti á gólfíð er hægt að mála fyrst með vatnsmálinu, úþynntri með vatni, yfir gólfíð og síðan tvær til þrjár umferðir með glærri, óþynntri lakkmálinu,“ segir Sverrir.

Fréttablaðið hvetur fólk til að láta ímyndunaraflíð taka öll völd þegar steingólf eru máluð því það er svo margt hægt að gera annað en að mála í hefðbundnum litum. „Við eigum flögur í nokkrum litum, gráu, drapplituðu, rauðu, grænu og fleiri litum sem hægt er að skreyta gólfíð með. Flögunum er dreift yfir gólfíð þegar búið er að mála og síðan lakkað yfir með glæru lakki til að loka flögurnar inni,“ segir Sverrir en ætli sé

ekki hægt að skella hverju sem er á gólfíð, eins og glimmeri eða fjöðrum, til að gera steingólfíð sem flottast og sérstakast? „Það ætti alveg að vera hægt – svo lengi sem er lakkað yfir.“

Þegar litið er aftur um fimm eða tíu ár þá var ekki einu sinni rætt um það að mála gólf. Það var bara teppi, dúkar og parkett sem réð ríkjum. Nú, með innreið naumhyggjunnar, hefur hins vegar máluðum gólfum fjölgað og Sverrir og samstarfsmenn hans hjá Litaveri finna svo sannarlega fyrir því. „Þetta er heilmikið að aukast og það eru mjög margir sem sýna þessu áhuga og spyrja um þetta.“

lija@frettabladid.is



Hugmyndir að hlutum til að skreyta steingólf með

- Glimmer
- Fjaðrir
- Rósablöð
- Úrklippur úr blöðum
- Umbúðir af alls kyns vörum
- Perlur
- Skeljar
- Fjölskyldumyndir
- Uppáhaldstilvitnanir
- Veggfóður

MARMOLEUM® click

Nýtt á gólfíð

Smelltu Marmoleum click á gólfíð - það smellpassar



Forbo

Mótið gólfíð sjálf eftir ykkar smekk

Marmoleum click er náttúrulegt línoleumparket

GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SIÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510 • kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.

HOLL

Guðmundur Andri | sími: 8 200 215 | Davíð | sími: 846 2792 | www.holl.is

100% þjónusta

Einfaldar þvott á gluggum háhýsa

Hægt er að þvo gluggana að utan innan frá með sérstökum segulplöttum.



Segulplattarnir henta vel á tvöfalt gler og eru einfaldir í notkun.

Gluggaþvottur utandyra hefur ætíð verið til vandræða á efri hæðum húsa sem er sérstaklega leiðinlegt á vorin þegar sólin fer að skína og í ljós kemur allur skíturinn á rúðunum. Nú eru hins vegar komnir á markað sérstakir segulplattar sem leysa vandann, þannig að hægt er að þvo gluggarúður að utanverðu, alls staðar þar sem eru opnanleg fög.

Þetta eru tveir plattar með svampi og gúmmisköfu og er annar plattinn settur á rúðuna að utanverðu með því að teygja hendina í gegnum opnanlegt fag og festa hann á móti inniplattanum. Sterkir seglar halda þeim hvorum á móti öðrum á gluggarúðinni. Þegar innri plattinn er færður til á rúðinni

fylgir útiplattinn á eftir. Segulplattarnir þvo því rúðurnar að utan og innan samtímis.

Segulplattarnir henta vel á tvöfalt gler allt að 22 mm. Hægt er að þrifa aðeins þykkari rúður, en fara þarf varlega því segulkrafturinn hefur minnkað. Segulplattarnir fást í BYKO-Breiddinni.


Vorlegt efni af bestu gerð

Þáskablað Sumarhússins og garðsins er komið út, uppfyllt af vorlegu efni svo sem um veðurspár lóunnar og umhírðu aspa auk viðtals við Vigdís forseta.



Híð nýja tölublað tímaritsins Sumarhúsið og garðurinn er um eitthundrað síður að stærð. Meðal efnis er einlægt viðtal við frú Vigdís Finnbogadóttur,

fyrirum forseta, þar sem hún segir frá upplifun sinni varðandi skógrækt og landgræðslu. Heilsað er upp á Unni í Kínaklúbbnum í litla bústaðnum hennar sem er að sjálfsögðu undir sterkum kínverskum áhrifum. Heilsað er upp á fólk í flestum landslutum og í umfjöllun um alþýðlega veðurfræði í blaðinu segir að ef lóan syngur „fú,ff“ viti það á votvirði en ef hún syngur „dirrin, dirrin“, sé von á þurrviðri. Svo leggið við hlustirnar og treystið lóunni!



Láttu þér líða vel með **ALNO**



birta

» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á MÁNUÐÖGUM

PANORAMA

ELDHÚS • TÆKI • STIGAR • BAD • FATASKÁPAR

... miðstöð innréttinga

Síðumúla 30 • 108 Reykjavík
S. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

OPIÐ Virka daga kl. 10 - 18 Laugardaga kl. 11 - 14

Sóleyjarimi 1-7 Grafarvogi



Fyrir 50 ára og eldri
www.soleyjarimi.is

Glæsilegar íbúðir

Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir í 4-6 hæða lyftuhúsi. Eftirsóttur staður í göngufæri við Spöngina, sem er nýr verslunar og þjónustukjarni. Fallett útsýni og stutt í alla útiveru, golf, sund o.fl. Íbúðirnar sem eru mjög aðgengilegar eru fyrir 50 ára og eldri, hannaðar af Kristni Ragnarssyni arkitekt. Íbúðunum er skilað fullbúnum án gólfefna nema á baðherbergjum sem eru flísalögð á veggjum og gólfi ásamt hita í gólfi. Íbúðirnar eru frá 60fm upp í 106 fm frá 12,9 millj. - 22,8 millj. Húsinu er skilað

fullfrágengnu að utan með steinaðri áferð, og álklæðning að hluta. Hluti svalaganga er klæddur með hertu gleri. Lóð verður frágengin með grasvæðum, hellulögðum gangstéttum og malbikuðum bílastæðum, þar af hluti sérmerktra stæða í bílageymslu. Öllum íbúðum á efri hæðum fylgja mjög góðar svalir, en hellulögð verönd á jarðhæð.

Allar nánari upplýsingar og teikningar á www.soleyjarimi.is og á skrifstofum söluaðila

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
533 4300

S M Á R I N N
FASTEIGNASALA
564 6655

ÞINGHOLT

Sími 590 9500

Borgartún 20, 105 Reykjavík

Ella Lilja Sigursteinsdóttir lögg. fasteignasali



Þorarrinn Kópsson
Frakkvstjóri



Kjartan Kópsson
Sölumaður



Páll Valdimar
Kolka
Sölumaður



Skúli A.
Sigurðsson
Sölumaður



Anton Karlsson
Sölumaður



Ella Lilja
Sigursteinsdóttir
Lögg. fasteignasali



OPIÐ VIRKA DAGA 9.00-18.00, FÖSTUDAGA 9.00-17.00 SÍMAVAKT UM HELGAR

RAÐ- OG PARHÚS



ÁSGARÐUR - RAÐHÚS Raðhús 203 fm. með aukaíbúð í kjallara ásamt 23,4 fm. bílskúr. Húsið er á þremur hæðum. Þrjú svefnherbergi auk íbúðar í kjallara. Útsýni yfir Fossvogsdal.
Verð:32 millj.

4RA TIL 7 HERB.



LAUGARNESVEGUR 105 REYKJAVÍK 150 Fermetra fjögurra herbergja sérhæð á annari hæð ásamt 28 fm bílskúr. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, stórt eldhús. Ásett verð:.....26,5 millj.



HRINGBRAUT-VESTURBÆR Fjögurra herbergja íbúð á tveim hæðum í þessum vinsæla borgarhluta: Íbúðinni fylgja tvö bílastæði í lokaðri bílageymslu.
Verð:.....17,9 millj.



ÁLAKVÍSL - 110 - REYKJAVÍK Góð 4ra herbergja 114,5 fm. íbúð ásamt bílageymslu. Sérinnangangur. Stofa og með útgengi út á hellulagða verönd. Þrjú góð svefnherbergi. Bílageymsla.
Verð:.....21,9 millj.

3JA HERB.



STÓRAGERÐI 108 REYKJAVÍK Rúmgóð 83 fm, 3 herbergja íbúð í góðu fjölbýlishúsi á annari hæð.
Verð:.....15,5 millj.



GALTALIND - 201 - KÓPAVOGUR 3 Herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýli. Parket og flísar á gólfum, sér þvottahús.
Verð:.....20.millj

2JA HERB.

VÍÐIMELUR-107-REYKJAVÍK Ósamþykkt, mikið endurnýjuð tveggja herbergja ris-íbúð á Víðimel í Reykjavík. Nýlegt gler og gluggar eru í allri íbúðinni, nýbyggðar svalir og nýlegt járn á þaki. Árið 1998 var skipt um allt rafmagn, ofnakerfi, einangrun, klæðningu í lofti og útveggjum.
Verð:.....10,4 millj.

VERÐMETUM EIGNIR VEGNA LÁNTÖKU

Við verðmetum eignir fyrir þá sem að hafa hugsað sér að endurfjármagna, sama hvaða fjármálastofnun á í hlut. **Hröð og vönduð vinnubrögð.**

Kaupendabjónusta

Ertu að leita að íbúð á ákveðnu svæði?

Þá bjóðum við hjá Þingholt upp á frábæra þjónustu, við einfaldlega leitum fyrir þig á þeim stað sem að þú vilt vera í þeim húsum sem að þú vilt búa og allt þér að kostnaðarlausu.

Atvinnu- húsnæði til leigu



Pönglabakki 1
Vörugymsla í kjallara - 1.300 m²



Efstaland 26, Grímsbær
Nýtt og glæsilegt skrifstofuhúsnæði á annarri hæð í lyftuhúsnæði. Um er að ræða 350-700 m² rými sem býður upp á mikla möguleika.




Laugavegur 26
Skrifstofuhúsnæði á 4. hæð - 400 m²



Reykjavíkurvegur 72, Hafnarfj.
Verslun á 1. hæð - 1.850 m²

FASTEIGNAFÉLAGIÐ  STODIR HF.

Kringlunni 4 - 12 103 Reykjavík Sími 575-9000



HÚSALIND FASTEIGNASALA

Hamraborg 20A • 200 Kópavogur • www.husalind.is
Sími 554 4000 • Fax 554 4018 • husalind@husalind.is



Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir,
Löggiltur fasteignasali og hdl.
GSM 867 2928



Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir
Sölufulltrúi
GSM 899 5949

KLEPPSVEGUR - 2JA HERB.



Mjög björt og mikið standsett 71 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara í litlu fjölbýlishúsi efst á Kleppsvogi. Sér geymsla /þvottahús með hillum við hliðina á íbúðinni. Sameiginleg hjólageymsla. Íbúðin snýr öll út að garði. Stutt í alla þjónustu. Ásett verð kr. 13,5 millj.

HJALLASEL- ENDARAÐHÚS



238 fm endaraðhús ásamt bílskúr. 7 svefnherbergi, stofa, sólstofa, pallur í suður og vestur, stór borðstofa og rúmgott eldhús. Ásett verð kr. 35,7 millj.

MIDTÚN-GÓÐ STAÐSETNING



Hæð og ris samtals um 130 fm sem skilað verður fullkláruðu með nánast öllu endurnýjuðu, m.a. innréttingum, gólfefni, milliveggir, rafmagn, eldhús, bað, öll tæki í eldhúsi og baði, þak yfirfarið og nýjir kvistir, nýtt skolp og fl. Góður staður í grónu hverfi. Ásett verð 26,9 millj.

BÓLSTADARH. – SÉRH. M. BÍLSKÚR



Glæsileg fasteign á eftirsóttum stað í Hlíðunum. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, stofu, baðherbergi, eldhús, hol, geymslu, þvottahús og bílskúr. Baðherbergið er uppgerð. Bílskúrin innréttaður sem stúdíóíbúð með góðum leigutekjum. Suðursvalir út af stofu. Ný múrklæðning á öll húsinu. Heildar fermetrarfjöldi 149,4 fm. Ásett verð kr. 33,4 millj.

KRISTNIBRAUT – ÚTSÝNISÍBÚÐ




Stórglæsileg 3ja herbergja útsýnisíbúð á 3ju hæð (efstu) í eftirsóttari byggingu í Grafarholti. Fallegt parket á gólfum, þvottahús innan íbúðar, góðar svalir úr stofu með stórbrotu útsýni, góð lofthæð. Baðherbergi með baðkari og sturtu. Ákveðin sala. Tilboð óskast í eignina.

KRISTNIBRAUT – TVENNAR SVALIR



Falleg 4ra herb. 110 fm íbúð á góðum stað í Grafarholti. Íbúðin er í mjög góðu ástandi og nýtt eikarparket og náttúrusteinn á gólfum. Eignin skiptist í 3 rúmgóð svefnherb. með góðum eikarskápum, björt stofa með útgengi út á austur svalir með mjög fallegu útsýni, forstofa, eldhús með fallegri eikarinnréttingu og góðum eldunartækjum, baðherbergi og þvottahús með góðri vinnu-aðstöðu. Tvennar svalir. Ásett verð kr. 23,5 millj.

MJÓAHLÍÐ – 3JA HERB.



Falleg þriggja herbergja 63,2 fm íbúð í kjallara á eftirsóttum stað í Hlíðunum. Skipt hefur verið um alla glugga í íbúðinni og steypuviðgerðir sem gera þarf á húsinu í sumar eru á kostnað seljanda. Íbúðin er ekki mikið niðurgrafi. Ásett verð kr. 13,4 millj.

TJARNARGATA – NÝTT



Einstök eign á einum eftirsóttasta stað Reykjavíkur. Um er að ræða 320 fm eign, þar af eru 90 fm í útleigu. Fallegar náttúruflísar eá gólfi í holi en fallegar harðvíða gólfplattur á gólfi í eldhúsi, stofu og herbergjum. Arinn er í húsinu. Ópið rými með fallegu útsýni yfir Tjörnina. Fallegur stigi niður á neðri hæð þar sem er baðherbergi, svefnherbergi og geymslurými þar sem er léttur veggur sem liggur að útleigubúðinni. Mögulegt er að opna aftur á milli. Einnig er þvottahús á hæðinni. Óskað er eftir tilboðum í eignina.



hamraborg 10 | 200 kópavogur
hans pétur jónsson löggiltur fasteignasali
www.nytt.is | nytt@nytt.is | sími: 414 6600 | fax: 414 6601

414 6600



Réttarsel – 109 Reykjavík

Um er að ræða 169,1 fm raðhús ásamt 30,6 fm bílskúrs og 85 fm óskráðs rýmis. Eldhús er nýtt, glæsilegt með góðum tækjum flísar á gólfi og rúmgóður borðkrókur. Nýtt glæsilegt baðherbergi með kari og sturtu.

Þetta er fallegt og vandað endaraðhús með fallegum garði og hita í plani.



Mávahlíð – 105 Reykjavík

Falleg 122,9 fm efri hæð í fjölbýlishúsi. Fallegur arin í holi. Eldhús með fallegri innréttingu. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Úr borðstofu er útgengt á litlar suður svalir. Verð 26,7 millj.



Kríuhólar – 111 Reykjavík

Falleg 3ja herb. íbúð á 7.hæð í vel við höldnu fjölbýlishúsi við Kríuhóla. Nýtt parket, nýjar hurðir og skápar. Húsið er álklaett að utan og sameign öll eins og best verður á kosið. Verð 14,4 millj.



Þórðarsveigur – 113 Grafarholt

3ja herbergja 88,2 fm íbúð á 1.hæð ásamt 15,4 fm geymslu alls 105,0 fm. og stæði í bílageymslu. Íbúðin skilast fullbúin að innan með gólfefnum. Verð 21,2 millj.



Reyrengi – 112 Reykjavík

Falleg og rúmgóð 3ja herb, 82,2 fm íbúð á 2.hæð í góðu fjölbýli með sérinnngangi af svölum. Húsið var allt tekið í gegn að utan sumarið 2003 og lítur mjög vel út. Öll íbúðin er mikið endurnýjuð, laus strax. Verð 16,9 millj.




Þórðarsveigur – 113 Grafarholt

4ra herb. 111,0 fm íbúð 1.hæð ásamt 10,4 fm sér geymslu í kjallara alls 121,4 fm og stæði í lokaðri bílageymslu. Eignin afhendist fullbúin að utan og innan. Verð 23,5 millj.



Espigerði – 108 Reykjavík

Rúmgóð 5 herb. 118,2 fm íbúð á 5. hæð í góðu lyftuhúsi. Frábært útsýni, tvennar svalir. Stutt í alla þjónustu.



Skipholt – 105 Rvík

Höfum fengið í sölu þrjú góð verslunarhúsa bil í nýju húsi við Skipholt. Bilunum verður skilað rúmmlega fokheldu að innan tilbúnu að utan. Stærð 70 til 100 fm, verð 13 til 15 millj.

Aðeins tvær íbúðir eftir –
www.nytt.is/nybyggingar/thordarsveigur



EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN

Síðumúli 27

108 Reykjavík
Sími 534 4040
Fax 534 4044

Erlendur Davíðsson
Lögg. fasteignasali og verðbréfamíðlari



www.eignastyring.is

Jón Valdimarsson
Hrönn Laufdal



GRENBÝGGÐ MOSFELLSBÆR.

Glæsilegt 164 fm. raðhús auk bílskúrs á tveimur hæðum auk ríss og bílskúrs. Húsið sem er allt hið vandaðasta að utan sem innan er með fjórum rúmgóðum svefnherbergjum. Stór og mikil timburverönd með skjólveggjum. **Verð kr. 32.000.000.**



NAUSTABRYGGJA REYKJAVÍK

Glæsileg 3ja herbergja 106 fm. íbúð á 1. hæð auk stæðis í bílageymslu þessum frábæra stað. Íbúðin er með toppinnréttingum og gólfefnum, verönd með heitum potti. Eign fyrir vandláta. **Verð kr. 24.900.000,-**



ÁLFTAMÝRI -REYKJAVÍK.

Góð 3ja herbergja 75 fm. íbúð á 3. hæð. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Húsið nýlega viðgert að utan og málað. **Verð kr. 15.500.000.**



AUSTURBERG REYKJAVÍK

Góð 93,5 fm. 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð auk sérbyggðs bílskúrs. Eignin skiptist í korklagt eldhús með góðri innréttingu, flísalagt baðherbergi með baðkeri, parketlagða stofu og tvö parketlögð svefnherbergi sem áður voru þrjú, opnað hefur verið á milli tveggja. Barnavænt umhverfi. **Verð kr. 17.500.000,-.**



BARMAHLÍÐ REYKJAVÍK

Falleg 93,0 fm. 3ja herbergja kjallaraíbúð með sérinnangi. Íbúðin hefur verið endurnýjuð töluvert, til að mynda drenlagn, rafmagn, gluggar og gler sem og gólfefni. Eldhúsið hefur verið fallega endurnýjað með flísum á gólfu, stofa parketlögð, hol og baðherbergi flísalagt og dúkar á báðum svefnherbergjum. **Verð kr. 15.900.000.**

TUNGATA EYRARBAKKA

Einbýlishús 90 fm. að stærð auk 28 fm. geymsluskúrs, byggt úr timbri árið 1923. Húsið skiptist í eldhús, baðherbergi, stofu og fimm svefnherbergi. Vel staðsett hús með ágætis möguleika. **Verð kr. 10.000.000,-.**



NORÐURNES SUMARBÚSTAÐUR

Um er að ræða mjög fallegan sumarbústað í Kjósinni, sem er 38,0 fm. að stærð auk svefnlofts. Bústaðurinn er álklaett timburhús á steyptum grunni, panelklæddur að innan með parketi á gólfum. Falleg ræktuð lóðarspilda með veröndum og heitum potti. **Verð kr. 7.800.000.**



SUMARBÚSTAÐIR TIL FLUTNINGS

Erum með á söluskrá okkar sumarbústaði til flutnings sem byggðir verða samkvæmt samkomulagi kaupenda og byggingaraðila. Teikningar af bústöðunum eru mjög fallegar og er val um nokkrar stærðir. Verðið er afar hagstætt. Byggingaraðili getur haft milligöngu með flutning og eins að koma bústaðinum fyrir á lóðarspildum kaupenda

TÓMASARHAGI REYKJAVÍK.

Stórglæsileg efri sérhæð auk bílskúrs í tvíbýlishúsi í Vesturbænum býst í skiptum fyrir einbýlishús með tvöföldum bílskúr á góðum stað á höfuðborgarsvæðinu.

VANTAR

- Leitum að 1500-2000 fm. skrifstofu og iðnaðarhúsnæði miðsvæðis fyrir hugbúnaðarfyrirtæki.
- Sérþýli í miðbæ Reykjavíkur.
- 3ja herbergja íbúð í 101 / 105 / 107.
- Í Kambaseli 3-4 herbergja.

VEGNA MIKILLAR SÖLU VANTAR ALLAR TEGUNDIR EIGNA Á SÖLUSKRÁ OKKAR



Sími **534 4040**

XHÚS



Jón Magnússon
Hrl. lögg. fasteigna og skípasali



króna lán í dag er miklu þyngra á buddunni er fram líða stundir, en gömlu lánin sem námu þremur til sex milljónum og þóttu nógu há þá. Og auk bankalána sem fólk velti á undan sér. Hér er verðugt verkefni fyrir stjórn þessa lands að stöðva þessa vitleysu áður en meira tjón hlýst af, þar sem fjöldi fólks verður gjaldþrota á þessari flengreið í lánveitingum og kemur til með að skaða heimilin í landinu, og rétt íbúðarverð komist sem fyrst á aftur öllum til heilla.

Ég hef orðið var við það að bankastofnanir hafi varað fólk við að taka of mikil lán þó þau séu í boði og er það vel.

Höfundur er prentari.



BRÉF TIL BLAÐSINS

Skref aftur á bak

Að mínu mati væri það mikið skref aftur á bak ef skattskránum yrði lokað enda lít ég á það sem spurningu um mannréttindi að þjóðfélagið hafi allt upplýsingar um það hvernig verðmætunum er skipt. Auk þess tel ég að það hafi talsvert aðhaldsgildi gagnvart biræfnustu skattvikurum – þeim sem velta hundruðum milljóna, jafnvel milljörðum – en telja síðan fram það sem tíðkast að kalla „vinnukonuútsvar“. Árlega er þessi mannskapur afhjúpaður í tímaritinu Frjálsri verslun, sem birtir okkur upplýsingar um þessi efni unga íhaldinu til mikillar armæðu.

Ögmundur Jónasson á ogmundur.is

Álgerður iðnaðarráðherra

Álgerður Sverrisdóttir stóriðjumálaráðherra tilkynnir um helgina að enn væri pláss fyrir eitt álver til viðbótar þeim sem fyrir eru í landinu. En svo yrði líklega að láta staðar numið að sinni, sagði hún og treginn leyndi sér ekki á ásjónu hennar. Ástæðuna fyrir þessu drifrarleysi að ætla ekki nema einu álveri í viðbót stað á landinu bláa, segir hún vera að framleiðsla á áli á Íslandi sé nú komin í þær hæðir að rétt sé að staldra við og skoða hug sinn. Kannski hafi þetta ekki verið svo góð hugmynd eftir allt saman. Flokksbróðir Álgerðar og stjórnarformaður Landsvirkjunar er ekki alveg á sama máli og segir ekki rétt að slá þann möguleika endanlega af að ekki verði reistar stóriðjur af öllum stærðum og gerðum um ókomna framtíð hér og þar um landið.

Björn Valur Gíslason á vg.is/postur

Kapítalism og kynlíf

Katrín Jakobs hélt því fram í grein á múnnum um daginn að kapítalisminn sé að eyðileggja kynlífið. Snípagleðikremin og raðfullnægjartólin í Rómeó & Júliu eru víst að gera konur svo yfirspenntar að þær eru hættar að fá sitt úr kynlífinu. Katrín komst að þessu með því að lesa tvær kannanir – önnur sagði að íslenskar konur eigi mikið af gervitólum og hin sagði að konur væru ekki að fá það. Af þessu dregur Katrín þá ályktun að það væru gúmmiböllar sem væru rót vandans. Gervitillar, sagði Katrín, eru leið kapítalismans til að sölsa undir sig kynlífið og eyðileggja það í leiðinni. Allar þessar myndir (pornografiseríngin af miðjöt) af konum að engjast úr sælu eru að búa til óraunhæfar væntingar hjá okkur – markaðsvæðing kynlífsins er að gera okkur náttúruleaus.

Viggó Örn Jónsson á sus.is

Ókostir stóriðju

Er stóriðja jafngóð lausn og stjórnsmálama menn vilja meina? Henni fylgja mjög margir slæmir fylgifyskar s.s. loft- og sjónmengun. Allir sem hafa flogið til landsins í góðu veðri hafa séð risastórar byggingar álversins í Straumsvík brjóta upp annars fallega loftmynd. Sama má segja um hræðilegar byggingar Norðuráls og Íslenska járnblendisins á Grundartanga sem eyðileggja annars fallegt umhverfi Hvalfjarðarins. Að sjálfsögðu fylgja stóriðjum ýmsir kostir, þær auka atvinnu og uppbyggingu á þeim stöðum sem þeim er plantað og þær auka gjaldeyriskjör þjóðarþúsins. Til skamms tíma eru áhrifin því mjög góð en til lengri tíma lítið er niðurstaðan ekki eins augljós. Stóriðja getur t.a.m. skaðað ímynd Íslands sem ferðamannalands og ímynd íslensks landbúnaðar og fiskis sem hreinnar, há-gæðaútlutningsafurðar.

Þórður Heiðar Þórarinnsson á deiglan.com

Vildartilboð í apríl

Amsterdam
Frankfurt
Glasgow
Stokkhólmur
Oslo

Aðeins
25.000 Vildarpunktur

auk flugvallaskatta og þjónustugjalds.

Takmarkað sætaframboð!

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við fjarsölu Icelandair í síma 5050 100.

Opið: mán. - lau. kl. 9-17 og sun. 10-16.

Hægt er að senda vildarbókanir á www.icelandair.is/vildarbokanir (Ath. Ekki staðfest bókun heldur beiðni).

Vissir þú að í fyrra voru farnar 46.000 ferðir fyrir Vildarpunkta? Varst þú með?

Fagnið vorinu í frábærum borgum!

Sölutímabil er til og með föstudeginum 4. apríl. Ferðatímabil er 1. - 30. apríl (síðasta heimkoma). Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags.

Flugvallarskattar (22.3.05) að viðbættu þjónustugjaldi:
Amsterdam 7.830 kr.
Glasgow 7.610 kr.
Frankfurt 7.620 kr.
Stokkhólmur 7.210 kr.
Oslo 6.850 kr.

ICELANDAIR
Vildarklúbbur
www.vildarklubbur.is

ELLE MACPHERSON (1964)
á afmæli í dag.



„Ég hef verið að leika sömu persónuna, sjálfa mig, í fimmtán ár og er satt best að segja orðin hrútleið á sjálfri mér.“

Þeir eru sjálfsgat margir sem eru langt frá því að vera orðnir leiðir á áströlsku fyrirsætunni og leikkonunni Elle MacPherson, sem þykir með fegurstu konum heims og ólíkt mörgum kollegum sínum úr fyrirsætubransanum þykir hún hæfileikarík leikkona.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Bandarískir hermenn burt frá Vietnam

Þennan dag árið 1973 yfirgáfu síðustu bandarísku hermennirnir Suður-Vietnam og síðustu bandarísku stríðsföngunum var sleppt úr haldi í Norður - Vietnam. Sjö þúsund starfsmenn bandaríska varnarmálaráðuneytisins urðu eftir í Saigon til að aðstoða suður-vietnörður-Vietnam. Óbein afskipti Bandaríkjanna af Vietnam hófust á fimmta áratugnum en árið 1961 sendi Kennedy Bandaríkjaforseti hermenn til að aðstoða stjórnvöld í Suður-Vietnam. Allt kom fyrir ekki og þremur árum seinna hóf eftirmaður Kennedys, Lyndon B. Johnson, loftárásir. Átök-

in stigmögnuðust og fyrr en varði voru 300 þúsund bandarískir hermenn komnir til Vietnam. Stríðið varð fljótlega óvinsælt meðal almennings í Bandaríkjunum og varð meðal annars til þess að Johnson sóttist ekki eftir endurkjöri árið 1968. Ári seinna náði fjöldi bandarískra hermanna í Vietnam hámarki, en þá voru þeir orðnir 550 þúsund talsins. Stefna Nixons Bandaríkjaforseta var að draga úr mannaflanum en herða á loftárásum. Í upphafi 8. áratugarins fór stríðið að teygja sig inn í Laos og Kambódíu, sem hrinti af stað nýri mótmælabylgju í Bandaríkjunum og víðar. Í janúar árið 1973 undirrituðu



29. MARS 1973

Bandaríkin og Norður-Vietnam friðarsamkomulag sem fól í sér vopnahlé og sameiningu Suður- og Norður-Vietnam. Friðarsamningurinn var í rauninni yfirvarp Bandaríkjanna til að bjarga sér úr vonlausri stöðu. Síðustu Bandaríkjamennirnir yfirgáfu Vietnam árið 1975.

MERKISATBURÐIR

- 1814 Gyðingar fá jafnan rétt og aðrir íbúar Danmerkur.
- 1901 Fyrstu alríkis kosningar Ástralíu fara fram og Verkamannaflokkurinn nær völdum.
- 1947 Heklugos hefst eftir 102 ára hlé. Gosmökkurinn nær 30 km hæð. Aska berst til Bretlands og Finnlands.
- 1958 Flugvél ferst á Öxnadalshéiði og með henni fjórir ungrir stúdentar.
- 1967 Frakkar hleypa af stokkunum sínum fyrsta kjarnorkukafbáti.
- 1993 Heimir Steinsson útvarpsstjóri rekur Hrafn Gunnlaugsson, dagskrárstjóra innlendir dagskrárgerðar Sjónvarps. Nokkrum dögum síðar (3. apríl) setur Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra Hrafn framkvæmdastjóra Sjónvarpsins.

AFMÆLI

Guðrún P. Stephensen leikkona er 74 ára í dag.

Pórir Baldursson tónskáld er 61 árs í dag.

Laufey Steingrimsdóttir matvælafræðingur er 58 ára í dag.

Halldóra Björnsdóttir leikkona er 39 ára í dag.

JARÐARFARIR

13.00 **Bálför Högna Sigurðssonar** frá Sólheimakoti fer fram frá Fossvogskirkju.

13.00 **Krístín Hansdóttir**, Hrafnistu, áður Gnoðarvogi 26, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Fossvogskapelli.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Helgi Helgason

áður til heimilis að Hraunsteigi 5 í Reykjavík,

sem lést á Vífilstöðum aðfaranótt fimmtudagsins 17. mars, verður jarðsöngin frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 30. mars kl. 11.00.

Anna S. Helgadóttir
Gylfi P. Helgason
Jóna H. Helgadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Árni H. Helgason
Pálína Brynjólfssdóttir
Pálmi P. Vilbergs



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Einar Brandsson

Prestastíg 11, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu föstudaginn 18. mars, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 30. mars kl. 11.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hans er bent á minningarsjóð hjúkrunarþjónustunnar Karitas.

Jónína Vigdís Ármannsdóttir

Sigurjón Á. Einarsson
Brandur Einarsson
Guðni B. Einarsson
Jóns Einarsson
Hulda B. Rósarsdóttir
og barnabörn.

Steinunn Kristjánsdóttir

Lára Ásgeirsdóttir

Hrónn Hallsdóttir

Guðmundur J. Vilhelmsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Jónas Þórðarson

frá Stóru-Vatnsleysu, Lækjarhvammi 20, Hafnarfirði,

verður jarðsöngin frá Frikirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 30. mars kl. 13.00.

Blóm vinsamlegast afþakkuð en þeim sem vildu minnst hans er bent á Heimahlýningu Krabbameinsfélags Íslands í síma 540-1900.

Guðný Baldursdóttir

Sigríður Auðbjörg Jónasdóttir
Þórunn Margrét Jónasdóttir
Sólveig Jóna Jónasdóttir
Þórður Kristinn Jónasson
afabörn og langafabörn.

Magnús Arthúrsson

Óli Vignir Jónsson

Jón Ingvar Haraldsson

Hjördís Pálmarsdóttir



HENNY HERMANSDÓTTIR Fannst hún vera „dálítið sveitó“ í ullarpeysu og með heklaða húfu innan um rúskinnskápurnar í París.

TÍMAMÓT: HENNY KRÝND MISS YOUNG INTERNATIONAL FYRIR 35 ÁRUM

Í ullarpeysu til Japan

Þennan dag árið 1970 var Henny Hermansdóttir krýnd Miss Young International í Japan. Henny man atburðina eins og þeir hafi gerst í gær.

Miss Young International-keppnin var ætluð keppendum á aldrinum sextán til 24 ára. Umboðsmanni keppinnar var bent á Henny þegar hann var á leiðinni til Íslands og valdi hana úr hópi fegurstu fljóða landsins. Henny var aðeins átján ára gömul og nýútskrifuð sem danskennari og Japan henni algjörlega framað land. „Sjónvarpið var nýkomið hingað til lands og fréttir takmarkaðar og ég algjört menningarsjök þegar ég kom út. Ég hélt meira að segja að trén á götunum

hlytu að vera úr plasti,“ rifjar hún upp.

Henny segir að hún hafi verið „dálítið sveitó“ miðað við hinar stelpurnar í keppinni. „Ég mætti í handþrjónaðri peysu og með húfu sem ég heklaði sjálf, en hinar stelpurnar voru í rúskinnskápum frá París. Karnabær var eina tiskuverslunin á Íslandi á þessum tíma, en ég fékk kokkteilkjólinn minn hjá Báru. Það er samt ekki hægt að segja annað en að foreldrar mínir hafi útbúið mig ákaflega vel. Það var ekki hægt að gera betur miðað við úrvalið hérna heima.“

Í kjölfar keppinnar ferðaðist Henny um allan heim ásamt fríðu föruneyti annarra fegurðar-

drottninga. „Við ferðumst til þróunarlanda og heimsóttum börnin þar. Ég dvaldi líka í Ástralíu í þrjú mánuði og það var mikil upplifun út af fyrir sig. Svo voru heilmörg verkefni þessu tengd þar sem ég fékk tækifæri til að ferðast. Árið eftir keppina ferðaðist ég þrisvar sinnum í kringum heiminn og kom því öllu veraldarvanari til baka eftir keppina en ég var áður en ég fór út,“ segir hún og hlær.

Henny fylgist enn með fegurðarsamkeppnum og hefur gaman af. „Ég er reglulega fengin til að aðstoða við undirbúning á slíkum keppnum og sit oft í dómnefndum. Það er kærkomið tækifæri til að hafa puttana áfram í þessu.“ ■

ANDLÁT

Guðrún Elsa Guðlaugsdóttir, Herjólfsgötu 14, Vestmannaeyjum, lést mánu- daginn 21. mars.

Helga Engilbertsdóttir, Ísafirði, lést miðvikudaginn 23. mars.

Katrín Björnsdóttir, Ljósheimum 8a, Reykjavík, lést fimmtudaginn 24. mars.

Svana R. Guðmundsdóttir, Tungötu 23, Suðureyri, lést föstudaginn 25. mars.

Hákon Valtýsson, Safamýri 41, lést föstudaginn 25. mars.

Arnþrúður Guðbjörg Sigurðardóttir Kaldalóns, frá Bæjum á Snæfjallaströnd, lést föstudaginn 25. mars.

Eyvindur Jónasson, Glæsibæ 3, Reykjavík, lést föstudaginn 25. mars.




Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Krístín Hansdóttir

Hrafnistu, áður Gnoðarvogi 26, Reykjavík,

verður jarðsett frá Fossvogskapelli þriðjudaginn 29. mars kl. 13.

Gretar Franklínsson Kristín Gunnlaugsdóttir
Ómar Franklínsson Þóra Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



ENN EITT DÆMIÐ UM YFIRBURÐI ÞÝSKRA HEIMILISTÆKJA

ÞJÓÐVERJAR VÖLDU ASTRA CARAVAN GÆÐAKAUP ÁRSINS

Lesendur þýsku bílatímaritanna „Guter Rat“ og „Super Illu“ völdu Opel Astra gæðakaup ársins. Opel Astra Caravan hefur verið endurhannaður frá grunni og þér er fyllilega óhætt að fylgja fordæmi vandlátra þjóðverja því hann er frábærlega búinn og ótrúlega þægilegur í umgengni, enda ætlaður í alla snúninga nútímaheimilisins. Hann er lipur, sterkur, rúmgóður og með pláss fyrir alla fjölskylduna – ekki bara þá sem sitja frammi. Opel Astra Caravan er með allra öruggustu bílum í sínum stærðarflokki. Hann bíður eftir þér hjá Ingvari Helgasyni. Prófaðu þennan glæsilega bíl!



Opel Astra fékk hæstu einkunn fyrir öryggi hjá EuroNcap

Verð á mánuði: 19.766 kr.*

Verð frá: 1.950.000 kr.

*Miðað við bílasamning Glitnis með 585.000 kr. útb. og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a
800 Selfossi
482-3100

Eyjarlandi 1
530 Hvammstanga
451-2230

Sæmundargötu 3
550 Sauðárkróki
453-5141

Holtsgötu 52
260 Njarðvík
421-8808

Dalbraut 2b
300 Akranesi
431-1376

Víkurbraut 4
780 Höfn í Hornafirði
478-1990

Búðareyri 33
730 Reyðarfjörður
474-1453

Sindragötu 3
400 Ísafjörður
456-4540

Óseyri 5
603 Akureyri
461-2960



Aðal frétt dagsins

Þrír ekki með gegn Ítölum

Arnar Þór Víðarsson, Jóhannes Karl Guðjónsson og Heiðar Helguson eru allir meiddir eftir leikinn gegn Króötum á laugardaginn og verða ekki með í vináttulandsleiknum gegn Ítölum í Padova á miðvikudaginn. Í þeirra stað koma Ólafur Ingi Skúlason og Emil Hallfreðsson.

sport
sport@frettabladid.is

BANDARÍSKA KÖRFUBOLTAKONAN RITA WILLIAMS: MEÐ KÖRFUBOLTASKÓLA Í BANDARÍKJUNUM

Stefnir með skólann til Íslands

Rita Williams, leikmaður Grindavíkur í meistaraflokki kvenna í körfuknattleik, lætur gott af sér leiða þegar hún er utan vallar. Hún rekur körfuboltaskóla í Bandaríkjunum sem heitir The Rita Williams Basketball Academy þar sem víða er komið við. Að sögn Ritu varð hugmyndin til þegar hún var með sumarbúðir á vegum WNBA-deildarinnar en þar á hún farsælan feril að baki með liðum á borð við Indiana Fever og var m.a. valin í Stjörnuhljóði árið 2001.

„Í skólanum reynum við að hjálpa körfuknattleiksfolkum að komast í átt að þeim stað sem það stefnir á,“ sagði Rita. „Við förum um víðan völl og bjóðum upp á alla hugsanlega þjálfunarmöguleika, hvort sem fólk vill bæta knattrekkið, sendingarnar, varnarleikinn eða skotin. Þá fáum við reglulega sér-

staka gesti frá NBA, WNBA og úr háskólaboltanum“

Rita segist hafa verið yfir sig ánægð að sjá áhuga íslenskra ungmenna á íþróttinni. „Ég sé marga leika sér í körfubolta hér á Íslandi og það gleður mig mikið. Ég stefni á að koma með skólann til Íslands um leið og tækifæri gefst. Körfuboltinn hefur gefið mér allt sem ég á og ég vil gera mitt til að breiða íþróttina út. Þessi íþrótt er viss lífstill, ekki bara á vellinum heldur líka utan hans.“

Lokaúrslitin í 1. deild kvenna hefjast á morgun en þá sækja Grindvíkingar nágrenna sína í Keflavík heim. Ritu, sem kom í stað Myriah Spence sem varð frá að vikja vegna meiðsla, þykir mikið til Keflavíkurlíðsins koma. „En við erum líka með gott lið og skilningur okkar á

hverri annarri eykst með hverjum leiknum. Við verðum að einbeita okkur að því hvað við getum gert til að vinna Keflavík,“ sagði Rita.



> Við vorkennum ...

... landsliðsþjálfurinum Ásgeiri Sigurvinssyni og Loga Ólafssyni en þeir virðast ráðalausir þegar kemur að varnarleik íslenska liðsins. Liðið er með fimmtu lélegustu vörn í Evrópuhluta undankeppninnar, lélegri vörn en smárikíð Liechtenstein.

> Við gleðjumst yfir því ...

... að Einar Hólmgeirsson hafi sýnt frábæra takta hægra megin fyrir utan með íslenska landsliðinu í handbolta gegn Pólvörjum um helgina og fyllt á aðdáunarverðan hátt skarðið sem Ólafur Stefánsson skildi eftir sig.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

26 27 28 29 30 31 1

Þriðjudagur

LEIKIR

20.00 ÍR og Keflavík mætast í Seljaskólanum í úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfubolta.

SJÓNVARP

18.20 World Supercross á Sýn.

19.15 Meistaradeildin í fótbolta á Sýn. Fréttabáttur um meistaradeildina í fótbolta.



19.45 Íslenski körfuboltinn á Sýn. Bein útsending frá leik ÍR og Keflavíkur í úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfubolta.

22.00 Olísport á Sýn.

23.15 Íslenski körfuboltinn á Sýn. Útsending frá leik ÍR og Keflavíkur í úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfubolta.

UNDANKEPPNI HM

8. riðill

KRÓATÍA-ÍSLAND 4-0
1-0 Niko Kovac (39.), 2-0 Josip Simunic (71.), 3-0 Niko Kovac (76.), 4-0 Dado Prso (90).

Lið Króata: Tomislav Butina, Dario Srna, Josip Simunic, Stjepan Tomas, Igor Tudor, Anthony Seric (85., Ivan Brosnjak), Ivan Leko (79., Jerko Leko), Niko Kranjcar, Dado Prso, Niko Kovac, Ivan Klasnic (67., Ivica Olic).

Lið Íslands: Árni Gautur Arason, Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason, Hermann Hreiðarsson, Indriði Sigurðsson, Brynjar Björn Gunnarsson, Pétur Hafliði Marteinsson (73., Stefán Gíslason), Jóhannes Karl Guðjónsson (60., Bjarni Guðjónsson), Gylfi Einarsson, Arnar Þór Víðarsson (47., Grétar Rafn Steinsson), Heiðar Helguson.

BÚLGARÍA-SVÍPJÓÐ 0-3
0-1 Ljungberg (17.), 0-2 Edman (74.), 0-3 Ljungberg, víti (92.).

STADAN

SVÍPJÓÐ	5	4	0	1	17-2	12
KRÓATÍA	4	3	1	0	10-2	10
BÚLGARÍA	4	2	1	1	9-7	7
UNGVERJAL	4	2	0	2	5-8	6
ÍSLAND	5	0	1	4	4-14	1
MALTA	4	0	1	3	1-13	1

Kaffærðir af Króötum í Zagreb

Íslenska landsliðið í knattspyrnu tapaði stórt, 4-0, í fimmta leik sínum í 8. riðli undankeppni HM 2006 þegar liðið sótti Króata heim í Zagreb.

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið í knattspyrnu situr enn á botni 8. riðils undankeppni HM 2006 ásamt Möltu með eitt stig úr fimm leikjum eftir tap gegn Króötum, 4-0, í Zagreb á laugardaginn. Íslenska liðið, sem lék án síns besta manns, Eids Smára Guðjohnsen, átti aldrei möguleika gegn sprækum Króötum, sem hefðu með aðeins meiri einbeitingu getað unnið enn stærri sigur. Það er óhætt að segja að einn hlutur, einbeitingarleysi í föstum leikatriðum, hafi gert gæfumuninn því íslenska liðið fékk á sig þrjú mörk eftir horn eða aukaspjrnur.

Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson voru þrjú þriggja manna vörninni, sem hafði ekki gefið góða raun í undanföllum leikjum, fyrir róða og stilltu upp fjögurra manna varnarlínu í staðinn. Þessi breyting þeirra skiladi sér í því að íslenska liðið var þétt fyrir þegar Króatar voru með boltann og gaf fá færi á sér.

Króatar náðu ekki að skapa sér nein færi að ráði úr opnum færum en þeir óðu hins vegar í færur þegar þeir fengu horn og aukaspjrnur. Íslensku leikmönnum

virtist gjörsamlega fyrirmunað að verjast almennilega og það var banabiti liðsins í leiknum.

Sóknarleikur íslenska liðsins var, eins og búast mátti við í fjórveru Eids Smára, lamaður. Íslenska liðið fékk tvö færi, eitt í hvorum hálfleik, en fyrir utan það höfðu varnarmenn króatíska liðsins það afskaplega náðugt gegn hugmyndasnaudum leikmönnum íslenska liðsins.

Það verður þó ekki tekið af leikmönnum íslenska liðsins að þeir börðust eins og ljón allan leikinn. Liðið var mun þéttara varnarlega en það hefur verið í síðustu leikjum en eins og áður sagði var það dekkningin í föstum leikatriðum sem fór með leikinn. Ásgeir og Logi hljóta að þurfa að velja því fyrir sér hvernig hægt sé að vinna bug á því meini því íslenska liðið er ekki það gott að það geti sleppt því að dekkja menn inni í teig.

Hermann Hreiðarsson var besti leikmaður íslenska liðsins í leiknum en auk þess áttu þeir Brynjar Björn Gunnarsson og Pétur Marteinsson ágætán leik sem varnartengiliðir. ■



BARIST UM BOLTANN
Ólafur Örn Bjarnason sést hér í baráttu við Dado Prso, sóknarmann Króata, sem skoraði síðasta mark heimamanna í leiknum.



LOGI ÓLAFSSON Landsliðsþjálfarinn segir föstu leikatriðin hafa keyrt íslenska liðið í kaf.

Logi Ólafsson landsliðsþjálfari eftir leikinn gegn Króötum á laugardaginn:

Ákveðinn skortur á árásargirni

FÓTBOLTI „Ég er búinn að skoða leikinn á myndbandi í tvígang til að kryfja hvað fór úrskeiðis. Það var bæði sárt og sorglegt við þetta að Króatar sköpuðu sér ekki marktækifæri sem heitið getur þegar boltinn var í opnum leik. Það var ætlunarverkið og í sóknarleiknum fengum við þrjá til fimm ákjósanlega möguleika til þess að skora. En það sem keyrdi okkur í kaf var föst leikatriði,“ sagði Logi Ólafsson landsliðsþjálfari daginn eftir leik Íslendinga á Króata.

„Ég sagði við strákana fyrir leikinn að við röðum mönnum upp á ákveðnum stöðum í hornum og aukaspjrnur. Þeir sem ekki fá

það hlutverk að gæta ákveðinna svæða fá ákveðna menn. En það er alveg sama hvernig við röðum þessu upp, ef grimmdin og græðgin er ekki fyrir hendi að vinna lausa bolta lendum við í vandræðum, sama við hverja við spilum. Við létum Króata hrinda okkur í teignum en við verðum að svara í sömu mynt. Við létum hrinda okkur í fyrsta markinu og gott ef annað markið var ekki þannig líka og bæði voru þau líklega ólögleg,“ sagði Logi svekktur.

Þá bendir Logi á að Heiðar átti að gæta nærsvæðisins í föstum leikatriðum en hann hafi verið of innarlega. Einnig hafi Árni Gaut-

ur markvörður ekki fengið nógu mikið svæði til að vinna í því þröng var á þingi, þótt það sé frekar hans stíll að vera bundinn við línuna.

Logi er hins vegar á því að þrátt fyrir mörkin fjögur hafi liðið spilað betur varnarlega en í undanföllum leikjum. „Það verður ekki tekið af strákunum að þeir börðust allan leikinn en það var ákveðinn skortur á árásargirni.“

En verður notuð sama taktík, 4-2-3-1, gegn Ítalíu á morgun?

„Já, það verður ekki mjög frábrugðið þessu,“ sagði Logi Ólafsson.

thorsteinn.gunnarsson@365.is

Sterkur leikur

3 ára ábyrgð

Innifalið í 3 ára ábyrgð eru 3 fríar þjónustuskoðanir, með síum og olíuskiptum

Nánari upplýsingar á www.komatsu.is

KOMATSU
TEKUR FORYSTUNA

KRAFTVÉLAR EHF. • Dalvegi 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500 • Fax 535 3509 • www.kraftvelar.is



UNDANKEPPNI HM

1. riðill

TÉKKLAND-FINNLAND	4-3
1-0 Milan Baros (7), 2-0 Tomas Rosicky (34), 2-1 Jari Litmanen (46), 3-1 Jan Polak (59), 3-2 Aki Riihilathi (73), 3-3 Jonathan Johansson (79), 4-3 Vratislav Lokvenc (87).	
ARMENÍA-ANDORRA	2-1
1-0 Ara Hakobyan (30), 1-1 Fernando Silva (56), 2-1 Romik Khachatryan (56).	
RÚMENÍA-HOLLAND	0-2
0-1 Philip Cocu (1), 0-2 Ryan Babel (84).	
STAÐAN	
HOLLAND	5 4 1 0 12-3 13
TÉKKLAND	5 4 0 1 10-5 12
RÚMENÍA	6 3 1 2 10-7 10
FINNLAND	6 3 0 3 13-10 9
MAKEDÓNÍA	6 1 2 3 6-7 5
ARMENÍA	6 1 1 4 4-13 4
ANDORRA	6 1 1 4 3-13 4

2. riðill

DANMÖRK-KASAKSTAN	3-0
1-0 Peter Möller (10), 2-0 Christian Poulsen (33), 3-0 Peter Möller (48).	
TYRKLAND-ALBANÍA	2-0
1-0 Necati Ates, viti (3), 2-0 Elvin Beqiri, sjálfsm. (5).	
GEORGÍA-GRIKKLAND	1-3
1-0 Malkhaz Asatiani (22), 1-1 Mihailis Kapsis (43), 1-2 Zizis Vryzas (44), 1-3 Stelios Giannakopoulos (53).	
STAÐAN	
ÚKRAÍNA	6 4 2 0 11-3 14
GRIKKLAND	6 3 2 1 10-6 11
DANMÖRK	6 2 3 1 10-6 9
TYRKLAND	6 2 3 1 8-5 9
ALBANÍA	6 2 0 4 3-9 6
GEORGÍA	5 1 2 3 6-8 5
KASAKSTAN	5 0 0 5 2-13 0

3. riðill

LIECHTENSTEIN-RÚSSLAND	1-2
0-1 Alexander Kerzhakov (23), 0-2 Andrei Karyaka (37), 1-2 Thomas Beck (40).	
EISTLAND-SLÓVAKÍA	1-2
1-0 Andres Oper (57), 1-1 Marek Mintal (58), 1-2 Lubomir Reiter (65).	
STAÐAN	
PORTÚGAL	5 4 1 0 20-3 13
SLÓVAKÍA	5 4 1 0 17-4 13
RÚSSLAND	5 3 1 1 12-9 10
LETTLAND	5 2 1 2 10-12 7
EISTLAND	6 2 1 3 9-13 7
LIECHTENST.	6 1 1 4 9-16 4
LUXEMBURG	6 0 0 6 4-24 0

4. riðill

ÍSRAEL-ÍRLAND	1-1
0-1 Clinton Morrison (43), 1-1 Abbas Souan (90).	
FRAKKLAND-SVISS	0-0
STAÐAN	
ÍRLAND	5 2 3 0 7-2 9
FRAKKLAND	5 2 3 0 4-0 9
ÍSRAEL	5 2 3 0 7-5 9
SVISS	4 1 3 0 9-3 6
KÝPUR	5 0 1 4 4-11 1
FÆREYJAR	4 0 1 3 2-12 1

5. riðill

ÍTALÍA-SKOTLAND	2-0
1-0 Andrea Pirlo (35), 2-0 Andrea Pirlo (85).	
STAÐAN	
ÍTALÍA	5 4 0 1 9-5 12
NÖREGUR	4 2 1 1 6-3 7
SLÓVENÍA	4 2 1 1 4-3 7
H-RÚSSLAND	3 1 1 1 8-5 4
SKOTLAND	4 0 2 2 1-4 2
MOLDÓVA	4 0 1 3 1-9 1

6. riðill

ENGLAND-NORÐUR-ÍRLAND	4-0
1-0 Joe Cole (47), 2-0 Michael Owen (52), 3-0 Michael Owen (54), 4-0 Frank Lampard (62).	
WALES-AUSTURRÍKI	0-2
0-1 Ivica Vastic (81), 0-2 Martin Stranzl (85).	
PÓLLAND-ASERBAÍDSJAN	8-0
1-0 Tomas Frankowski (18), 2-0 Altandil Hajiyev, sjálfsm. (16), 3-0 Kamil Kosowski (40), 4-0 Tomas Frankowski (62), 5-0 Tomas Frankowski (66), 6-0 Jacek Krzynowek (72), 7-0 Marek Saganowski (85), 8-0 Marek Saganowski (89).	
STAÐAN	
ENGLAND	5 4 1 0 11-3 13
PÓLLAND	5 4 0 1 18-5 12
AUSTURRÍKI	5 2 2 1 10-8 8
N-ÍRLAND	5 0 3 2 5-12 3
WALES	5 0 2 3 5-10 2
ASERB.	5 0 2 3 1-12 2

7. riðill

BELGÍA-BOSNÍA	4-1
0-1 Elvir Bolic (1), 1-1 Emile Mpenza (15), 2-1 Koen Daerden (44), 3-1 Emile Mpenza (54), 4-1 Thomas Buffel (77).	
STAÐAN	
SERBÍA	4 3 1 0 10-0 10
SPÁNN	4 2 2 0 8-1 8
LITHÁEN	4 2 2 0 6-1 8
BELGÍA	4 1 1 2 5-6 4
BOSNÍA	3 0 2 1 2-5 2
SAN MARÍNÓ	5 0 0 5 0-18 0

Hermann Hreiðarsson, fyrirliði íslenska liðsins:

Einfaldlega hneyksli að fá sig á þessi mörk

FÓTBOLTI „Það var einfaldlega hneyksli að fá þessi þrjú fyrstu mörk á sig, tvö úr aukaspyrnu og eitt eftir hornsþyrnu. Við erum ekki vanir að fá slík mörk á okkur. Þetta er eitthvað sem við verðum að fara betur yfir,“ sagði Hermann Hreiðarsson, sem bar fyrirliðabandið gegn Króatíu á laugardaginn.

Hermann sagðist að mörgu leyti sáttur við varnarleik íslenska liðsins en sagði sigur Króata allt of stóran.

„Vissulega skoruðu þeir fjögur mörk en þrjú komu eftir föst leikatriði. Ég er hundsvektur út af því. Við börðumst eins og grenjandi ljón og vörnin var þétt en það er bara ekki nóg. Það þýðir ekkert að slaka á í föstum leikatriðum,“ sagði Hermann Hreiðarsson í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn á laugardaginn.

thorsteinn.gunnarsson@365.is

HERMANN HREIÐARSSON Sagði sigur Króata of stóran en hann sést hér í baráttu við króatíska framherjann Dado Prso.



FRÁBÆR FERMINGARTILBOÐ

VERSLUN NÝHERJA

Stafrænar myndavélar, prentarar og tölvur

Tilboð A

Canon Ixus 430
4 milljón punktar, fyrir ljósmyndaprentun í allt að A3 stærð. Glæsileg hönnun og frábær myndgæði.

Canon iP 3000
Falleg hönnun, fjölhæfni og frábær frammistaða. Notar Single Ink kerfið sem dregur úr rekstrarkostnaði. Duplex prentun og prentar beint á CD.

Almennt verð: 64.800 kr.
Fermingartilboð: 42.900 kr.

Tilboð B

Canon Ixus i 5,0
Falleg hönnun, 5 milljón punktar og háþrúð tækni gerir IXUS i5 að yfirburðavél.

Canon iP 4000
Frábær alhliða prentari sem gefur framköllunarþjónustum ekkert eftir þegar kemur að ljósmyndaprentun. Duplex prentun og prentar beint á CD.

Almennt verð: 62.800 kr.
Fermingartilboð: 44.900 kr.

Tilboð C

Canon PowerShot A400
A400 hefur alla kosti sem búist er við af Canon myndavél á verði sem ætti að fá þig til að brosa. 3,2 milljón punktar. Val um fjóra skemmtilega lit.

Almennt verð: 22.900 kr.
Fermingartilboð: 19.900 kr.

Tilboð D

IBM ThinkPad R50e
ThinkPad R50e er flott fartölva fyrir fermingarbarnið. Er með Intel Celeron M 330 örgjörva, 256MB minni, 30GB hörðum disk, Intel Extreme Graphics II skjákorti, CD-RW/DVD combo drifi, þráðlausu 802.11b/g netkorti og Windows XP Home stýrikerfi.

Verð frá 99.900 kr.

Tilboð E

IBM ThinkCentre A51p
ThinkCentre A51p er traust og öflug margmiðlunartölva. Afkastamikill Pentium 4 530 Hyper-Threading örgjörvi og 512MB dual-channel minni. DVD+RW brennari, 256MB Radeon X600 XT PCI-E skjákort. 250GB + 80GB SATA harðir diskur, Microsoft þráðlaust lykilorð og mús, Logitech hátalarar, 17" IBM TFT skjár o.fl.

Fermingartilboð 169.900 kr.



INTERSPORTDEILDIN

KEFLAVÍK-ÍR 97-79
Stíg Keflavíkur: Nick Bradford 28 (8 fráköst, 6 stoðsendingar, 5 varin), Anthony Glover 19, Jón Nordal Hafsteinsson 12 (6 frák.), Gunnar Stefánsson 8, Gunnar Einarsson 8, Magnús Þór Gunnarsson 6 (6 frák., 4 stoðs.), Sverrir Þór Sverrisson 4 (5 frák., 6 stoðs.), Elentínus Margeirsson 2.

Stíg ÍR: Grant Davis 19 (13 frák.), Theo Dixon 15 (9 frák., 6 stoðs.), Eiríkur Öundurson 17, Sveinbjörn Claessen 11, Ómar Örn Sævarsson 12 (9 frák., 2 varin), Ólafur J. Sigurðsson 9, Fannar Helgason 2, Gunnlaugur Erlendsson 2.

Keflavík er yfir í einvíginu, 2-1.

SNÆFELL-FJÖLNIR 83-80
Stíg Snæfells: Hlynur Bæringsson 28 (12 frák., 4 stoðs.), Sigurður Þorvaldsson 17 (6 frák., 5 varin), Mike Ames 14 (6 frák., 5 stoðs.), Magni Hafsteinsson 8 (9 frák.), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 7, Calvin Clemmons 4 (8 frák.), Helgi Reynir Guðmundsson 2 (5 frák., 5 stoðs.).

Stíg Fjölnis: Jeb Ivey 22 (6 stoðs.), William Coley 21 (10 frák.), Nemanja Sovic 17 (11 frák., 4 stoðs.), Magnús Pálsson 6 (5 frák.), Pálmar Ragnarsson 4, Hjalti Vilhjálmsson 4, Helgi Þorláksson 3 (5 stoðs.).

Snæfell vann einvígið, 3-0.



ARJEN ROBBEN Óheppni hans ríður ekki við einteyming.

Arjen Robben:

Meiddur á nýjan leik

FÓTBOLTI Það ætlar ekki af hollenska landsliðsmanninum Arjen Robben að ganga. Robben, sem er einn lykilmanna Chelsea, er nýbúinn að jafna sig á meiðslum á rist sem héldu honum á hliðarlínunni í sex vikur en hann meiddist á nýjan leik í leik með hollenska landsliðinu gegn því rúmenska á laugardaginn.

Robben meiddist á ökkla strax eftir tuttugu mínútur og varð að yfirgefa völinn. Allt bendir til þess að hann verði frá næstu tvær vikurnar í það minnsta og mun hann því missa af fyrri leik Chelsea og Bayern München í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar. ■

ÍR einu tapi frá sumarfrí

Snæfell tryggði sér um helgina þáttökurétt í lokaúrslitum Intersportdeildarinnar í körfuknattleik er liðið lagði Fjölni, 80-77. ÍR-ingar sóttu ekki gull í greipar Keflvíkinga á laugardaginn og eru 2-1 undir gegn deildarmeisturunum.

KÖRFUBOLTI Það var lítið í boði fyrir augað í Keflavík á laugardaginn þegar heimamenn tóku á móti ÍR í þriðja leik undanúrslitanna í Intersportdeildinni í körfuknattleik. Fyrir leikinn hafði hvort lið um sig unnið einn leik en ekki var að sjá á leikmönnum liðanna, þá sérstaklega ÍR, að hér væri um mikilvægan leik að ræða. Ekki nutu þeir mikils stuðnings heldur, það var fátæklegur hópur sem fylgdi ÍR-ingum til Keflavíkur.

Sigur Keflvíkinga var aldrei í hættu í síðari hálfleik og ÍR komst aldrei nær heimamönnum en 6 stig. Þegar upp var staðið var 18 stiga sigur staðreynd, 97-79, og Keflavíkurliðið komið í lykilstöðu í einvíginu með 2-1 forystu. Nick Bradford var besti maður vallarins; skoraði 28 stg, tók 8 fráköst, gaf 6 stoðsendingar og varði 5 skot.

Falur Harðarson, aðstoðarþjálfari Keflavíkur, vildi ekki meina að serían væri í höfn þrátt fyrir vænlega stöðu.

„Við eigum eftir að vinna þá á þriðjudaginn [í kvöld],“ sagði Falur. „Við lentum í smá villuvand-ræðum í leiknum og því brugðum við á það ráð að hvíla útlendinganna. Þetta er liðsþrótt og þegar lykilmenn eru settir út af verða aðrir að stíga upp og þeir gerðu það í dag. Þetta er vænleg staða en við erum búnir að spila tvo leiki vel í þessari seríu og einn afleitan. Þetta er mjög jákvætt, ég hef fulla trú á að við vinnum þessa seríu og við ætlum að spila á móti Snæfelli eins og í fyrra,“ sagði Falur.

Eiríkur Öundurson, fyrirlíði ÍR, sagði stöðu sinna manna erfiða. „Það eru náttúrulega vand-ræði að vera 2-1 undir á móti Keflavík,“ sagði Eiríkur. „Við förum í næsta leik með 0-0 hugarfari, það er leikur sem við verðum að vinna. Við verðum að bæta vörnina og fráköstin og svo megum við ekki vera svona ragir í sókninni. Við verðum að rífa okkur upp og koma tilbúnir í leikinn á þriðjudaginn [í dag],“ sagði Eiríkur.

Leikmönnum hótað

Fyrir leikinn á laugardaginn var mikið rætt um hótanir af hálfu stuðningsmanna Keflavíkur



HLYNUR BÆRINGSSON Í BARÁTTUNNI Þessi fráþæri leikmaður fór á kostum í þriðja leik Snæfells og Fjölnis og átti stærstan þátt í því að Snæfell er komið í lokaúrslit.

í garð leikmanna ÍR. „Það var hringt í þrjá leikmenn um nóttina fyrir leik númer tvö og svo nóttina eftir,“ sagði Eiríkur aðspurður um málið.

„Þetta setur svartan blett á stuðningsmenn Keflavíkur og þetta eru eflaust einn til tveir svartir sauðir í hópnum. En þetta er fáránlegt og menn eiga ekki að komast upp með svona kjaftæði. Ég efa að við gerum nokkuð mál úr þessu en það er engu að síður full ástæða til að láta vita af þessu og þeir sem að baki stóðu fari að haga sér eins og menn.“

Í höfn í Stykkishólmi

Fjölnir reið ekki feitum hesti frá einvíginu við Snæfell og tapaði öllum þremur leikjumum í seríunni. Liðið getur þó vel við unað

að komast í undanúrslit á fyrsta ári sínu í efstu deild. „Þetta var dæmigerður þriðji leikur þar sem við þurftum að klára dæmið,“ sagði Bárður Eypórssón, þjálfari Snæfells. „Við áttum í basli með að ná okkur almennilega á strik og Fjölnismenn voru líka að spila mjög vel. Við náðum góðu áhlaupi í lokaleikhlutunum og náðum að halda því svona nokkurn veginn. Mér er alveg sama hvort við fáum Keflavík eða ÍR. Við verðum að vinna betra liðið úr þeirri viður-eign til að ná titlinum og því skiptir okkur engu máli hvaða lið við fáum,“ sagði Bárður.

Lokaúrslitin hefjast mánudaginn 4. apríl en Keflavík getur tryggt sér sæti í úrslitunum með sigri á ÍR í Seljaskóla í kvöld.

smari@frettabladid.is

ÚR SPORTINU

Breski snókerspilarinn **Anthony Hamilton** gagnrýndi **Ronnie O'Sullivan** fyrir að hætta við keppni á China Open-mótinu sem hófst um helgina. „Það er nauðsynlegt að kynna þessa íþrótt á erlendri grundu, sérstaklega hér þar sem framtíðin er björt,“ sagði Hamilton. „Það er synd og skömm að sumir einstaklingar skeyti ekkert um það.“ **O'Sullivan** sagðist ekki geta komið „af heilsufarsástæðum“ en gaf ekki nákvæmari útskýringu á því.

Thierry Henry vill ljúka ferli sínum með Arsenal. Þessi snjalli framherji lét hafa þetta eftir sér í viðtali fyrir skömmu. „Ef forráðamenn Arsenal vilja hafa mig áfram er ég meira en tilbúinn að enda feril minn hér. Ég á enska fjölskyldu og lifur vel í London,“ sagði **Henry**, sem telur sig eiga 5 til 6 góð tímabil eftir í poka-horninu. „Eftir að ferli mínum lýkur mun ég eflaust lífa áfram í knattspyrnuheiminum og ég myndi vilja beita mér í baráttunni gegn kynþáttahatri,“ bætti **Henry** við en hann gerðist nýlega fulltrúi FIFA í þeim efnum og er það hans heitasta ósk að kynþáttahatur í knattspyrnu heyri brátt sögunni til.



Markavardaleit knattspyrnustjór-mans **Alex Ferguson** og félagi í Manchester United heldur áfram en **Iker Casillas**, markvörður spænska liðsins Real Madrid, staðfesti á dögunum að forráðamenn United hefðu sett sig í samband við umboðsmann hans. Samningur **Casillas** við Real rennur út sumarið 2006 en hann þykir fádæma góður markvörður og því líklegt að United verði ekki eina liðið sem muni bítast um hann.



Washington Wizards vann góðan útsigur á Seattle Supersonics í NBA-körfuboltanum í fyrri nótt, 95-94. **Larry Hughes** kórónaði stórleik sinn með að stela þremur boltum á síðustu sex mínútum leiksins. **Hughes** skoraði 31 stig, tók 11 fráköst og stal fjórum boltum. **Ray Allen** var stigahæstur heimamanna með 27 stig.



Ein hver kergja er að myndast innan raða Los Angeles Lakers í NBA-körfuboltanum en liðið tapaði átunda leik sínum í röð í fyrri nótt er **Allen Iverson** og félagar í Philadelphia 76ers voru í heim-sókn í Staples Center. Lokatölur urðu 96-89 Sixers í vil og var leikstjórnandinn **Chaucky Atkins** pirraður að leikslökum. „Þið verðið bara að tala við **Kobe**. Hann er framkvæmdastjóri Lakers. Þetta er liðið hans,“ sagði **Atkins** og átti þar við samherja sinn, **Kobe Bryant**.


Nýjstu fregnir frá Bretlandi nærma að forráðamenn Liverpool ætli að bjóða fyrirlíðanum **Steven Gerrard** 3,2 milljarða fyrir áfram-haldandi dvöl hjá liðinu. Lið Chelsea hefur sem kunnugt er sýnt kappanum áhuga og er þetta svar Liverpool í þeirri von um að halda í Gerrard, sem nýtur mikilla vinsælda hjá stuðningsmönnum liðsins.




Mark Hughes, knattspyrnustjóri Blackburn-liðsins í ensku úrvalsdeildinni, hyggst næla sér í framherja þegar opnað verður fyrir leikmannaflutninga í sumar. **Paul Dickov** er markahæstur leikmanna Blackburn með 10 mörk á leiktíðinni og segir **Hughes** að hann vilji fá rétta manninn til að leika samhliða **Dickov**. „Við höfum ekki



skorað jafn mikið af mörkum og okkur hefur langað til og okkur langar að ná framförum hvað þetta snertir fyrir næsta tímabil,“ sagði **Hughes** en vildi þó ekki nefna nein nöfn í nýhafinni framherjaleit.



skorað jafn mikið af mörkum og okkur hefur langað til og okkur langar að ná framförum hvað þetta snertir fyrir næsta tímabil,“ sagði **Hughes** en vildi þó ekki nefna nein nöfn í nýhafinni framherjaleit.



MEGANE
 RENAULT CRÉATEUR D'AUTOMOBILES

LÝSING

EURO NCAP ★★★★★

Frá **19.900** kr. á mán.*



Þeir sem koma í Renault reynsluakstur fá opinn bíómiða. Miðinn gildir á allar sýningar Laugarásbíó til 31. ágúst nk. Boðið gildir eins lengi og miðar endast.

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Með bílinn handa þér



Ménaðargjaldur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% úibergum.

Bætt vörn og betri markvarsla

Íslenska landsliðið í handknattleik vann tvo af þremur vináttulandsleikjum við Pólverja um helgina og Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari er ánægður með útkomuna.

HANDBOLTI Eftir tap í öðrum leiknum gegn Pólverjum á laugardag náði íslenska liðið að rífa sig upp og vinna sigur í þriðja og síðasta leiknum á páskadag 31-30. Íslenska liðið vann þar með tvo af þremur leikjum en í þeim síðasta voru það skyttarnar Jalesky Garcia og Einar Hólmgeirsson sem voru markahæstir með sjö mörk hvor.

Sigurinn var nokkuð öruggur og öruggari en lokatölurnar gefa til kynna og því var niðurstaðan tveir sigrar í þremur leikjum. Við var fyrir leikina að pólska liðið yrði erfitt viðureignar og þykir mönnum þar fara lið sem gæti átt eftir að gera góða hluti í nánustu framtíð. Þrátt fyrir að vera án lykilmanna náði íslenska liðið að sýna ágæta hluti í leikjunum þremur og gamlir kunningjar voru í lykilhutverkum á ný eftir nokkra fjarveru.

Viggó Sigurðsson var nokkuð sáttur við útkomu helgarinnar þegar Fréttablaðið ræddi við hann eftir þriðja leikinn á páskadag.

Bætt vörn og markvarsla

„Ég er mjög sáttur við þetta verkefni og þetta er búin að vera frábær helgi. Það sem mér finnst standa upp úr hjá okkur er að ég var mjög ánægður með vörnina og markvörsluna hjá okkur um helgina og mér finnst Bergsveinn Bergsveinsson hafa unnið frábært starf með markverðina hjá okkur,“ sagði Viggó en markvarslan var mjög góð hjá báðum landsliðum alla helgina.

„Þeim vex sjálfstraust með svona frammistöðu og það er dýrmætt. Þessi varnaraðferð okkar, 5-1 með Alexander fremst, hefur gengið ágætlega og hann skilar þeirri stöðu mjög vel. Það er erfitt fyrir okkur að leika flata vörn þegar Óli og Sigfús eru ekki með, því þá skortir okkur einfaldlega hæð. Við fengum of mikið af mörkum á okkur úr



NÓG AÐ GERA YFIR PÁSKANA Viggó Sigurðsson stjórnaði íslenska landsliðinu til sigurs í fimm af sex leikjum landsliðsins yfir páskana en það gerist örugglega ekki oft hjá þjálfurum að þeir þurfi að stjórna tveimur leikjum á dag þrjá daga í röð. Það gerði Viggó og náði í leiðinni góðum árangri; ungu strákarnir tryggðu sér sæti á HM og A-landsliðið vann tvo leiki af þremur. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

hraðauppplausum og hraðri miðju, en það er hlutur sem við þurfum að laga. Mér fannst sóknarleikurinn koma mjög vel út og ég er ánægður með það. Menn voru að skila sínu og það er virkileg barátta í hópnum,“ sagði landsliðsþjálfarinn.

Einar góður

Einar Hólmgeirsson lék vel í

stöðu vinstri skyttu í leikjum helgarinnar í fjarveru Ólafs Stefánssonar og leikmenn eins og Snorri Steinn Guðjónsson og Jalesky Garcia komu inn í hópinn á ný eftir nokkra fjarveru. „Einar var að koma firnasterkur inn um helgina og leysti stöðu sína mjög vel bæði í vörn og sókn. Auðvitað söknum við manna eins og Ólafs Stefánssonar og Sigfúsar Sigurðs-

sonar, en menn sýndu það um helgina að þeir eru tilbúnir í þetta og hópurinn er breiður og góður,“ sagði Viggó, sem var kampakátur með útkomuna um helgina og kvaddi kollegann Bogdan Venta, þjálfara pólska liðsins, með virktum á sleipri þýsku í lok viðtals síns við blaðamann Fréttablaðsins.

baldur@frettabladid

HANDBOLTAPÁSKAR

Undankeppni HM í handbolta U-21

ÍSLAND-ÚKRAÍNA 35-30
Mörk Íslands: Arnór Atlason 11 (21/2 skot), Árni Þór Sigtryggsson 9/1 (12/2), Kári Kristjánsson 5 (5), Erni Hrafn Arnarson 3 (5), Daniel Berg Grétarsson 2/2 (2/2), Árni Björn Þórarinnsson 2 (4), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (9), Ivar Grétarsson 1 (2), Einar Ingi Hrafnsson 0 (1).
Vörn skot: Björgvin Páll Gústavsson 12/1 (af 36/3, 33%), Pálmar Pétursson 2 (af 8/1, 25%).
Hraðauppplausmörk (8): Kári 4, Arnór 2, Árni Björn, Árni Þór.
Fiskuð víti (6): Kári 4, Árni Þór, Andri.
Stoðsendingar (25): Arnór 10, Ásgeir Örn 6, Árni Björn 4, Andri 2, Ernir 2, Kári 1.

Austurríki vann Holland í hinum leik undanriðilsins 31-26.

ÍSLAND-AUSTURRÍKI 36-24
Mörk Íslands: Andri Stefan 7 (9), Árni Björn Þórarinnsson 7 (10), Jóhann Gunnar Einarsson 4 (6), Einar Ingi Hrafnsson 3 (4), Daniel Berg Grétarsson 3/1 (5/1), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (6), Arnór Atlason 2/2 (2/2), Ragnar Njálsson 2 (3), Magnús Stefánsson 2 (4), Ernir Hrafn Arnarson 2 (7/1), Kári Kristjánsson 1 (1), Árni Þór Sigtryggsson (2).
Vörn skot: Björgvin Páll Gústavsson 36 (af 60/3, 60%).
Hraðauppplausmörk (13): Andri 4, Árni Björn 4, Jóhann Gunnar 2, Ásgeir Örn, Ernir Hrafn, Kári.
Fiskuð víti (4): Andri, Daniel Berg, Ernir Hrafn, Kári.
Stoðsendingar (24): Ásgeir Örn 5, Daniel Berg 4, Arnór 3, Árni Björn, 2, Ernir Hrafn 2, Jóhann Gunnar 2, Ragnar 2, Andri, Árni Þór, Kári, Magnús.

Úkraína vann Holland í hinum leik undanriðilsins 35-30.

Vináttuleikir í handbolta

ÍSLAND-PÓLLAND 28-32
Mörk Íslands: Guðjón Valur Sigurðsson 8/1 (13/3), Einar Hólmgeirsson 5 (11), Alexander Petersson 4 (7), Baldvin Þorsteinsson 3/1 (4/1), Jalesky Garcia 3 (8), Róbert Gunnarsson 2 (5/1), Ólafur Víðir Ólafsson 1 (1), Vignir Svavarsson 1 (1), Bjarni Fritzon 1 (2), Snorri Steinn Guðjónsson (2), Dagur Sigurðsson (2).
Vörn skot: Birkir Ivar Guðmundsson 9 (af 24/3, 38%), Hreiðar Guðmundsson 4 (af 16/2, 25%), Ólafur Haukur Gíslason 2 (af 7/2, 29%).
Hraðauppplausmörk (7): Guðjón Valur 3, Petersson, Bjarni, Róbert, Baldvin.
Fiskuð víti (5): Róbert 2, Bjarni 2, Einar.
Stoðsendingar (18): Dagur 4, Ingimundur Ingimundarson 3, Petersson 2, Guðjón Valur 2, Garcia 2, Vignir 2, Einar, Markús Máni, Snorri Steinn.
Mörk Póllands: Piotr Obrusiewicz 8/7, Bartosz Jurecki 5, Wojciech Zydron 5, Daniel Urbanowicz 3, Adam Wisniewski 3, Damien Wiekak 3, Karol Bielecki 2, Piotr Grabarczyk 1, Sławomir Szmaj 1, Piłip Kliszczak 1.
Vörn skot Póllands: Sławomir Szmaj 28/3.

ÍSLAND-PÓLLAND 31-30
Mörk Íslands: Jalesky Garcia 7 (11), Einar Hólmgeirsson 7 (13/1), Alexander Petersson 5 (7), Guðjón Valur Sigurðsson 4/1 (11/2), Snorri Steinn Guðjónsson 3/1 (7/2), Vignir Svavarsson 2 (3), Róbert Gunnarsson 2 (5/1), Árni Þór Sigtryggsson 1 (1), Þórir Ólafsson (1), Baldvin Þorsteinsson (1/1), Markús Máni Michaelsson (2), Dagur Sigurðsson (3).
Vörn skot: Birkir Ivar Guðmundsson 21/2 (af 51/3, 41%).
Hraðauppplausmörk (9): Guðjón Valur 3, Petersson 2, Garcia 2, Einar, Vignir.
Fiskuð víti (7): Guðjón Valur 4, Róbert 2, Snorri Steinn.
Stoðsendingar (19): Einar 6, Dagur 4, Snorri Steinn 4, Guðjón Valur 2, Petersson, Markús Máni, Vignir.
Mörk Póllands: Daniel Urbanowicz 6, Karol Bielecki 4, Damien Wiekak 3, Adam Wisniewski 4, Piotr Grabarczyk 4, Patryk Kuchczynski 3, Radosław Wasiake 2, Piotr Obrusiewicz 2/1, Piłip Kliszczak 2.
Vörn skot Póllands: Artur Banisz 10/1, Sławomir Szmaj 12/4.



EITT AF 24 MÖRKUM Einar Hólmgeirsson lék mjög vel með íslenska landsliðinu í leikjunum gegn Póllandi um páskana. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Einar Hólmgeirsson skoraði 8 mörk að meðaltali: Alexander er mikill happafengur fyrir okkur

„Ég er nokkuð sáttur en þó sé ég ýmislegt sem má bæta og geri það þegar ég kemst í betra form. Það var fínt að fá smá ábyrgð og fá að leika lengur og fá smá spil með liðinu, ég hef mjög gott af þessu. Eg er þokkalega sáttur við minn leik hérna um helgina og líka með liðið,“ sagði Einar Hólmgeirsson, starna íslenska A-landsliðsins í leikjunum gegn Pólverjum um páskana. Einar skoraði 24 mörk í

leikjunum þremur, þar af 20 mörk með skotum fyrir utan. „Við þurfum reyndar fleiri stóra menn því eins og er ráðum við ekki við að spila 6:0, en þessi vörn gengur samt nokkuð vel með Alexander sem lykilmann. Hann er mikill happafengur fyrir lið þessi strákur. Mér finnst þetta fín bætting frá í Túnis og við þurfum bara að byggja á þessu,“ sagði Einar að lokum en hann nýtti 60% skota sinna í leikjunum þremur.

Íslenska U-21 árs landsliðið sigraði örugglega í riðli : Kláruðu verkefnið með stæl

